



Gerðarbrunnur 1 – Skýrsla

Diplómu-gráða, Byggingariðnfræði

Lokaverkefni – BI LOK1006

Vorönn 2022

Höfundar:

Eypór Óskarsson, 230196-2819

Nikola Alexander Pjevic, 300796-3899

Ólafur Stefnir Jónsson, 100781-5069

Þórður Hjálmar Þórðarson, 040685-2199

Leiðbeinendur:

Bjarni Grétar Jónsson

Helgi Guðjón Bragason

Iðn- og tæknifræðideild

Dept. of Applied Engineering

Iðn- og tæknifræðideild

Heiti verkefnis:

Gerðarbrunnur 1, 113 Reykjavík

Námsbraut:

Byggingariðnfræði

Tegund verkefnis:

Lokaverkefni í byggingariðnfræði

Önn:

Vorönn 2021

Námskeið:

BI LOK1006

Ágrip:

Lokaverkefnið í byggingariðnfræði fól í sér að finna týpuhús sem síðan átti að endurhanna með þarfir verkkaupa/leiðbeinenda í huga. Húsið átti að vera að hámarki 150 m² að grunnfleti, á tveimur hæðum með innbyggðri bílgeymslu. Þá var gerð krafa um að jarðhæð væri steinsteypt en að efri hæð væri úr timbri með hallandi timburpaki. Gerðarbrunnur 1 var valið til fyrirmyndar og gerðar á því húsi nokkrar breytingar til að uppfylla kröfur verkkaupa/leiðbeinenda.

Höfundur:

Eypór Óskarsson
Nikola Alexander Pjevic
Ólafur Stefnir Jónsson
Þórður Hjálmar Þórðarson

Leiðbeinandi:

Bjarni Grétar Jónsson
Helgi Guðjón Bragason

Fyrirtæki/stofnun:

Háskólinn í Reykjavík

Skýrsla inniheldur m.a. verklýsingu, tilboðsskrá, kostnaðaráætlun, varmataps- og burðarþolsútreikninga.

Teikningasett inniheldur m.a. aðaluppdrætti, skráningartöflu, byggingarlýsingu og verkeikningar

Hönnun var gerð skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012

Dagsetning:

09.05.2022

Lykilorð íslensk:

Timburhús,
Staðsteypt,
Timburgrind

Lykilorð ensk:

Woodhouse
Concrete,
Woodframe

Dreifing:

opin

X

lokuð

til:

INNGANGUR.....	14
HÖNNUN.....	15
Tillögu- og ákvarðanafasi	15
VERKLÝSING	17
0. HÖNNUN OG RÁÐGJÖF	17
0.1. Hönnun og ráðgjöf	17
1. AÐSTAÐA OG JARÐVINNA	18
1.1. Aðstaða.....	18
1.1.1 Aðstaða.....	18
1.1.2 Rekstur vinnusvæðis.....	19
1.1.3 Bráðabirgðagirðing í kringum vinnusvæði.....	19
1.2. Jarðvinna	20
1.2.1 Gröftur	20
1.2.1.1 Gröftur notaður til fyllinga að húsi og í lóð.....	20
1.2.1.2 Uppgreftir ekið burt	21
1.2.1.3 Gröftur fyrir frárennislögnum.....	21
1.2.2 Fylling.....	21
1.2.2.1 Fylling undir undirstöður.....	22
1.2.2.2 Fylling að og inn í grunn	23
1.2.2.3 Fylling í lóð og að undirstöðum með uppgröfðu efni.....	23
1.2.3 Einangrun sökkla og botnplötu.....	24
1.2.3.1 Einangrun sökkla, 100 mm	24
1.2.3.2 Einangrun undir botnplötu, 100 mm	24
2. BURÐARVIRKI.....	25
2.1. Steypumót	25

2.1.1	Mót sökklar, slétt mót (einf. byrði).....	26
2.1.2	Mót veggir, slétt mót (einf. byrði)	27
2.1.3	Mót, súluundirstöður	27
2.1.4	Vatnslás í mót	27
2.1.5	Mót undir plötu, venjuleg lofthæð	28
2.1.6	Plötusæti.....	28
2.1.7	Göt í mót.....	28
2.1.8	Glugga og hurðagöt fyrir eftir á ísetta glugga/hurðir.	29
2.1.9	Stigi í steypa plötu	29
2.2.	Bendistál.....	30
2.2.1	Bendistál á m2 húss – viðmiðun	30
2.3.	Steinsteypa	32
2.3.1	Steypa í undirstöðum, C-25	32
2.3.2	Steypa í útveggjum, C-25	33
2.3.3	Steypa í plötu, C-30.....	34
2.4.	Trévirki.....	34
2.4.1	Útveggjagrindur	34
2.4.2	Límtrésbiti 135 x 500 mm	35
2.4.3	Límtrésbitar 90 x 195 mm.....	35
2.5.	Þak.....	36
2.5.1	Kjöljárn úr stáli.....	36
2.5.2	Blikkantur á þaki	36
2.5.3	Bárujárn, 0.63 mm, galvanihúðað aluzink	36
2.5.4	Þakstífur, með mæni, án grinda	37
2.5.5	Rennur úr plasti, Ø 100 mm, með rennböndum, c/c 60.....	37
2.5.6	Þakniðurföll, rör, plast, Ø 70 mm, með festingum, c/c 100cm.....	37
2.5.7	Borðaklæðning 2,5 cm, nýtt timbur.....	38
2.5.8	Öndunardúkur	38
2.5.9	Sperrur 45x225 mm, c/c 60 cm	38
2.5.10	Sperrur 45x145 mm	39
2.5.11	Sperrur 45x100 mm	39

2.5.12	Undirlektur, 45x45 mm.....	39
2.5.13	Yfirlektur, 45x70 mm	40
3.	LAGNIR	41
3.1.	Frárennslislagnir.....	41
3.1.1	Heimæðagjald einbýlishús.....	41
3.1.2	Frárennslislögn Ø 100 mm PVC	41
3.1.3	Hreinsibrunnur, plast, Ø 600 mm, hæð 1400 mm.....	41
3.1.4	Lok á hreinsibrunnur, plast, Ø 600 mm	42
3.1.5	Ídráttarbeygja fyrir hitaveitu, Ø 110 mm.....	42
3.1.6	Frárennslislögn innanhúss, Ø 100 mm	42
3.1.7	Frárennslislögn innanhúss, Ø 70 mm	42
3.1.8	Frárennslislögn innanhúss Ø 50 mm	43
3.1.9	Niðurfallsrenna, lengd 100 mm, án ristar.....	43
3.1.10	Gólfniðurföll, Ø 50 mm, ryðfrí rist	43
3.1.11	Svalaniðurföll Ø 50 mm	44
3.1.12	Brunapétting með lögnum, staðsettar í vegg/gólf.....	44
3.2.	Vatnslagnir.....	44
3.2.1	Heimæðargjald	44
3.2.2	Pex-lögn með tengistykki, Ø25 mm, rör í rör	45
3.2.3	Einangrun, Ø25 mm, glerull 20 mm með áldúk.....	45
3.2.4	Neysluvatnsgrind, 100 kW með AVTB í skáp	45
3.2.5	Prófanir á lögnum og skolun	46
3.3.	Hitalagnir	46
3.3.1	Inntak hitaveitu, Ø 20 mm (0-1500 m3)	46
3.3.2	Tengigrind með öllu.....	46
3.3.3	Svört stálrör, Ø 15 mm án tengistykkja og einangrunar.....	47
3.3.4	Einangrun, Ø 20 glerull 20 mm	47
3.3.5	Stálofnar, 1000 wött með stillití og loftskrúfu.....	47
3.3.6	Stálofnar, 800 wött með stillití og loftskrúfu.....	47
3.3.7	Handklæðiofnar, flatir - 500 w.....	48
3.3.8	Gólfgeislalögn, Ø 20 mm, pex	48

3.3.9	Deilikistur fyrir gólfgeisla með stýringu, 20 mm slaufur.....	48
3.3.10	Hitanemar fyrir gólfgeisla, þráðlaust.....	49
3.3.11	Tölva fyrir þráðlausa hitanema, 6A.....	49
3.3.12	Prófanir á hitakerfi.....	49
3.4.	Hreinlætistæki	49
3.4.1	Sturtuklefi, 80x80 cm með blöndunartækjum	50
3.4.2	Handlaug á böð með blöndunartækjum og vatnslás.....	50
3.4.3	Vatnssalerni upphengt.....	50
3.4.4	Eldhúsvaskur með borði, blöndunartækjum og vatnslás	51
3.4.5	Baðkar með blöndunartækjum og vatnslás.....	51
3.4.6	Ræstivaskur með fötugrind, blöndunartækjum og vatnslás.....	51
3.4.7	Þvottavélakranar	52
3.4.8	Nuddpottur, rafmagns, meðal stór.....	52
4.	RAFKERFI	53
4.1.	Raflagnir í steypu	53
4.1.1	Inntak rafmagns 3-fasa (3-7 íb), 16 A.....	53
4.1.2	Pípur í steypu Ø20mm	53
4.1.3	Pípur í steypu, Ø25mm	54
4.1.4	Sökkulskaut.....	54
4.1.5	Vírlásar fyrir 12 mm sökkulskaut	54
4.1.6	Jarðskaut 25 q.....	55
4.2.	Aðrar pípulagnir og dósir.....	55
4.2.1	Pípur Ø20 mm í einangrun, hleðslustein og gifs.....	55
4.2.2	Pípur Ø25 mm í einangrun, hleðslustein og gifs.....	55
4.2.3	Lofadósir með loki	56
4.2.4	Veggjadósir með loki	56
4.2.5	Tengladós fyrir eldavél	56
4.2.6	Tengla- og rofadósir með loki	57
4.2.7	Töflukassi 800x1200x140 mm	57
4.3.	Ídráttur, tenglar og rofar	57

4.3.1	Tenglar 16 A.....	58
4.3.2	Tenglar 16 A, tvöfaldur	58
4.3.3	Tenglar 16 A, fjórfaldur.....	58
4.3.4	Eldavélatengill, 25 A með kló.....	59
4.3.5	Einfaldur rofi með loki	59
4.3.6	Tvöfaldur rofi með loki	59
4.3.7	Krossrofi.....	60
4.3.8	Ídráttarvír 2,5 mm	60
4.3.9	Tengingar í töflu.....	60
4.3.10	Lekaliði 2x16 A 30 mA	61
4.3.11	Lekaliði 1x63 A 30 mA	61
4.3.12	Prófanir og skoðunargjald.....	61
4.4.	Lampabúnaður.....	62
4.4.1	Eldavél með keramikplötu	62
4.4.2	Bökunarofn	62
4.4.3	Eldhúsvifta	62
4.4.4	Uppþvottavél	63
4.4.5	Tenging tækja	63
4.4.6	Loftljós 2x18 W, í eldhús.....	63
4.4.7	Ljós undir eldhúskápum, 1x18 W	63
4.4.8	Ljós á baði og snyrtingu	64
4.4.9	Ljós í loft, 2x18 W	64
4.4.10	Útiljós 18 W.....	64
4.4.11	Bílskúrshurðaoptari.....	64
4.5.	Lágspennulagnir, viðvörunarkerfi.....	65
4.5.1	Ljósleiðarastrengur, 4 para.....	65
4.5.2	Tölvutenglar með loki einfaldur	65
4.5.3	Tölvutenglar með loki tvöfaldir	66
4.5.4	Bjölluhnappur	66
4.5.5	Bjölluspennir.....	66
4.5.6	Bjalla (ding-dong).....	66
4.5.7	Strengur CAT 5 tölvustrengur	67
4.5.8	Reyðskynjari, jónískir	67

5. FRÁGANGUR INNANHÚSS	68
5.1. Múrverk	68
5.1.1 Innveggir, hlaðnir, 100 mm.....	68
5.1.2 Gólfilögn, 40 mm	68
5.2. Léttir veggir og klæðningar.....	69
5.2.1 Innveggir, 70/60 stálgrind, 2x2, 13mm gifsplötur	69
5.2.2 Grind 34x45 mm c/c 60 cm m/ festingu	70
5.2.3 Klæðning, gifsplötur, 13 mm	70
5.2.4 Klæðning, vatnspólnar gifsplötur, 13 mm	70
5.2.5 Þolplast á vegg, 0,2 mm.....	71
5.2.6 Þolplast í loft, 0,2 mm.....	71
5.2.7 Steinullareinangrun, 25 mm, þéttull 30 kg/m ³	72
5.2.8 Steinullareinangrun 145 mm, þéttull, 30 kg/m ³	72
5.2.9 Þakull með vindpappa, 200 mm	72
5.2.10 Þakull með vindpappa, 220 mm	73
5.2.11 Glugga og hurðaaðfellur, gifsplötur	73
5.2.12 Sólbeikir, plastlagðar spónaplötur	73
5.2.13 Loft, berandi timburgrind og 13 mm gifsplötur	74
5.2.14 Raflagnagrind í loft, undir sperrur, 34x45mm c/c 600mm	74
5.2.15 Harðparket, ljóst, 12 mm, án undirlags	74
5.2.16 Undirlag undir parket (clipmap) 3mm	75
5.2.17 Gólflistar úr harðvið, 22x38 mm	75
5.3. Járn- og blikksmíði	75
5.3.1 Handrið úr járn, svart olíuborið	76
5.4. Málun	76
5.4.1 Málun innveggja, á slétt sandsparsl.....	76
5.4.2 Málun gifsklæddra innveggja, sparsl og akrylmálning.....	77
5.4.3 Sandspörsun steyptra lofta, steyptra útveggja og hlaðinna innveggja.....	77
5.4.4 Málun gifsklæddra lofta, spartl og málning.....	78
5.4.5 Epoxy-kvarts 4 mm, heild	78
5.5. Innréttingar.....	78

5.5.1	Innihurðir, ljós spónn með ísetningu	79
5.5.2	Innihurð, EI30, spónlögð með ísetningu	79
5.5.3	Felliþröskuldar	79
5.5.4	Skrá með læsingu	80
5.5.5	Hurðarhúnar, burstað stál	80
5.5.6	Rennihurðabraut	80
5.5.7	Eldhúsinnrétting, undirskápur	80
5.5.8	Eldhúsinnrétting, yfirskápur	81
5.5.9	Eldhúsinnrétting, hár skápur	81
5.5.10	Baðinnrétting, yfir- og undirskápur.	81
5.5.11	Fataskápur með sléttri hurð	81
5.5.12	Fatahengi í andyri	82
5.5.13	Borðplata úr plastlagðri spónarplötu með festingu.....	82
5.5.14	Spegill 1100x500 mm, kantslípaður.....	82
5.5.15	Eldvarnarteppi 80x80 cm	82
5.5.16	Slökkvitæki, kolsýra 2 kg	83
5.5.17	Sjúkrakassi með innihaldi, meðalstór	83
5.6.	Flísalögn	83
5.6.1	Flísar á gólf.....	84
5.6.2	Sökkulflísar 5 cm	84
5.6.3	Flísar á vegg	84
6.	FRÁGANGUR UTANHÚSS.....	86
6.1.	Trésmíði	86
6.1.1	Pappaklæðning, 1,87 kg/m ²	86
6.1.2	Báruálsklæðning	86
6.1.3	Einangrun, 125 mm, 80 kg/m ³ , fest með dílum	87
6.1.4	Vatnsbretti, ál	87
6.1.5	Gluggaáfellur, litað ál.....	87
6.1.6	Músanet, álnet 4 mm, beygt í vinkil	88
6.1.7	Tjöruborði til þéttinga, 50 mm	88
6.1.8	Álvinklar, 50x75x6 mm á stein.....	88

6.2.	Járn- og blikksmíði	88
6.2.1	Handrið úr gleri og áli	89
6.3.	Málun utanhúss	89
6.3.1	Málun þakkants, 2 umferðir	89
6.4.	Gluggar, gler og útihurðir	90
6.4.1	Ál og trégluggar. fastir/opnanlegir, ísetning eftir á	90
6.4.2	Álhurð einföld með karmi og hurðarpumpu.....	91
6.4.3	Gönguhurð, baðherbergi, neðri hæð.....	91
6.4.4	Svalahurð, með gleri	92
6.4.5	Bílskúrshurð, 2,3x2,8 m	92
7.	FRÁGANGUR LÓÐAR	93
7.1.	Jarðvinna	93
7.1.1	Gröftur og brottflutningur	93
7.1.2	Jarðvegsfylling	93
7.1.3	Grófjöfnun lóðar	94
7.2.	Mannvirki á lóð	94
7.2.1	Skjólgirðing	94
7.2.2	Tréþallur með undirstöðu.....	95
7.2.3	Sorptunnur	95
7.3.	Frágangur yfirborðs, gang- og akbrauta.....	95
7.3.1	Hellulögn, 40x40 cm hellur, án undirlags	95
7.4.	Gras og gróður	96
7.4.1	Slétta lóð og þekja	96
8.	ANNAÐ	96
8.1.	Annað	96
8.1.1	Lóðaverð	96
8.1.2	Aukaverk, ófyrirséð.....	96

TILBOÐSSKRÁ	97
KOSTNAÐARÁÆTLUN OG KR/FM.....	98
BURÐARPOL	106
1. BURÐARPOLSÚTREIKNINGUR.....	106
1.1. Forsendur.....	106
1.2. Eiginálag þaks.....	107
1.3. Snjóálag á þak.....	107
1.4. Álag á þaksperrur á uppteknu þaki.....	108
1.4.1 Jafndreift álag á þaksperrur á uppteknu þaki.....	110
1.4.2 Beygjuspennur á þaksperrur á uppteknu þaki.....	110
1.4.2.1 Beygjuspenna á þaksperrur á uppteknu þaki, vegna eiginálags	110
1.4.2.2 Beygjuspenna á þaksperrur á uppteknu þaki, vegna snjóálags	111
1.4.2.3 Athugun beygjuspenna á þaksperrur á uppteknu þaki	112
1.4.3 Kraftar á vegg og mæni, gegnum þaksperrur á uppteknu þaki	112
1.4.3.1 Kraftar vegna eiginþyngdar á vegg og mæni, gegnum þaksperrur á uppteknu þaki	113
1.4.3.2 Kraftar vegna snjóálags á vegg og mæni, gegnum þaksperrur á uppteknu þaki.....	113
1.4.4 Formbreyting á þaksperrur á uppteknu þaki.....	114
1.4.4.1 Formbreytingar vegna hreyfanlegs álags	114
1.4.4.2 Formbreytingar vegna heildarálags	115
1.4.5 Skerþol og beygjuþol þaksperru brotmarkaástandi	116
1.4.6 Vindálag á þaksperrur í uppteknu þaki.....	117
1.4.6.1 Formbreyting vegna vindálags á þaksperrur á uppteknu þaki.....	118
1.4.6.2 Beygjuþol vegna vindálags á þaksperrur á uppteknu þaki.....	119
1.5. Álag á kraftsperrur í niðurteknuteknu þaki	120
1.6. Álag á límrésbita	120
1.6.1 Eiginálag.....	121

1.6.2	Beygjuspennur á límtrésbita	122
1.6.2.1	Beygjuspenna á límtrésbita vegna eiginálags	122
1.6.2.2	Beygjuspennur á límtrésbita vegna snjóálags	123
1.6.2.3	Athugun beygjuspenna á límtrésbita	124
1.6.3	Kraftar á vegg og mæni, gegnum límtrésbita	124
1.6.3.1	Kraftar vegna eiginþyngdar á vegg og mæni, gegnum límtrésbita	125
1.6.3.2	Kraftar vegna snjóálags á vegg og mæni, gegnum límtrésbita	125
1.6.4	Formbreyting á límtrésbita	126
1.7.	Súla undir svölum	127
1.7.1	Punktálag á súlu	127
1.8.	Notálag	129
VARMATAP		130
1.	UPPBÝGGING BYGGINGARHLUTA OG HEILDARLEIÐNITAP	131
1.1.	Botnplata	131
1.2.	Botnplata með gólfhita	131
1.3.	Útveggur ein. að utan	132
1.4.	Léttur útveggur	132
1.5.	Kraftsperrupak	133
1.6.	Létt þak	133
1.7.	Heildarleiðnitap	134
2.	ÚTREIKNINGUR VARMATAPS Í HVERJU RÝMI	135
2.1.	Varmatap 1. Hæð	135
2.1.1	Bílskúr	135
2.1.2	Geymsla	135

2.1.3	Þvottahús.....	136
2.1.4	Anddyri	136
2.1.5	Stigi og gangur	137
2.1.6	Salerni	137
2.1.7	Herbergi 1	138
2.1.8	Herbergi 2	138
2.1.9	Herbergi 3	139
2.2.	Varmatap 2. Hæð	139
2.2.1	Hjónaherbergi.....	139
2.2.2	Gangur	140
2.2.3	Sjónvarpshol	140
2.2.4	Stofa.....	141
2.2.5	Borðstofa	141
2.2.6	Eldhús	142
2.2.7	Salerni	142
3.	HEILDARVARMATAP.....	143
	LAGNAÚTREIKNINGAR.....	144
1.	OFNALAGNIR	144
2.	GÓLFHITAKERFI	148
2.1.	Logarithm – meðalhitastig	148
2.2.	Framrásarhiti	149
2.3.	Yfirborðshiti gólfs.....	150
3.	NEYSLUVATN	151
4.	FRÁRENNSLI.....	154

4.1.	Skólplögn	154
4.2.	Regnvatn.....	157
5.	ÞAKRENNUR	159
	LOFTUN ÞAKS	160
	SKJÖL OG ÖNNUR FYLGIGÖGN.....	161
1.	UMSÓKN UM BYGGINGARLEYFI	161
2.	GÁTLISTI	162
3.	HÆÐARBLAÐ.....	164
4.	MÆLIBLAÐ.....	165
	HEIMILDASKRÁ.....	166

.....

Inngangur

Þessi skýrsla er hluti af lokaáfangabýggingariðnfræði vorið 2022. Verkefnið fól í sér að hanna tveggja hæða einbýlishús sem væri um 150 m² að grunnfleti eftir kröfum verkkaupa/leiðbeinenda. Helstu kröfu voru að húsið skuli vera á tveimur hæðum, neðri hæð steinsteypt og efri hæð úr timbri, annað hvort hefðbundnar veggjagrindur eða samlímðar timbureiningar (CLT). Þá var gerð sú krafa að þak væri borið uppi uppi með timbursperrum og mætti ekki vera flatt. Jafnframt var óskað eftir að þak væri að hluta niðurtekið og að hluta upptekið sem og að gerðar voru kröfur um góða endingu við val á byggingarefnum. Við val á upphitunarkerfi hússins var ákveðið að húsið skyldi upphitað með gólfhita- og ofnakerfi. Í þessari skýrslu munum við lýsa hönnunarferlinu frá tillögu og ákvarðanafasa að endanlegri hönnun. Í skýrslunni er verklýsing gerð greinagóð skil og hún höfð í samræmi við tilboðsskrá sem einnig er gerð skil í skýrslunni. Þá eru aðrir kaflar sem tileinkaðir eru umfjöllunaratriðum eins og kostnaðaráætlun, burðarþoli, varmatapi, lagnaútreikningum, frárennslislögnum, loftun þaks svo eitthvað sé nefnt. Í kaflanum skjöl og önnur fylgigögn er umsókn um byggingarleyfi auk gátlista frá byggingarfulltrúa.

Hönnun

Tillögu- og ákvarðanafasi

Eftir að hópmeðlimir lögðu fram hver sína tillögu að samþykktu húsi sem fyrirmynd var ákveðið að notast við Gerðarbrunn 1 sem er steinsteypt einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðri bílgeymslu. Húsið var valið þar sem það var metið sem svo að það uppfyllti kröfur verkkaupa/kennara þ.e. á tveimur hæðum með innbyggðri bílgeymslu og ekki stærra að grunnfleti en 150 m².

Til að uppfylla kröfur verkkaupa/leiðbeinenda þurfti þó að gera ákveðnar breytingar á húsnæðinu s.s. að endurhanna burðarkerfi útveggja efri hæðar, uppbyggingu þaks, klæðningu og einangrun hússins o.fl..

Haft var samráð við leiðbeinendur um þær breytingar sem kröfðust þess að byggt væri út fyrir núverandi byggingareit hússins s.s. stækkun bílgeymslu og að svalir væru byggðar út frá alrými stofu og eldhúss á annarri hæð. Aðrar breytingar fólust í sér að stofa og eldhús voru færð á aðra hæð með útgengi út á svalir sem snúa í suð- vestur og að sama skapi voru svefnherbergi færð á neðri hæð ásamt því að þar var gert ráð fyrir baðherbergi með útgengi út á pall sem á væri heitur pottur.

Skýrsluritara voru sammála um að burðarkerfi jarðhæðar haldist óbreytt að mestu frá upphaflegri hönnun. Þannig sé steyp gólfplata annarrar hæðar borinn uppi með steinsteyptum berandi inn- og útveggjum jarðhæðar en berandi innveggur í anddyri var færður til þess að auka burð undir gólfplötu annarrar hæðar.

Hvað varðar einangrun útveggja jarðhæðar gerir upphafleg hönnun ráð fyrir að þeir séu einangraðir að innan með þéttull 115 mm að þykkt. Eftir útreikninga á orkuramma hússins var niðurstaðan sú að einangra jarðhæð hússins að utanverðu með 125 mm steinull og var það ekki síst út af kröfum um orkuramma hússins. Með því að einangra húsið að utan var hægt að koma í

veg fyrir kuldabráð að mestu og minnka þannig línutap til muna sem eðli málsins samkvæmt gefur betri niðurstöðu hvað varðar orkurammann.

Lagt var upp með að burðarkerfi efri hæðar sé byggt upp með „hefðbundinni“ timburgrind, stoðum 45x145 mm, afstífuð með 9 mm krossvið, einangrað milli stoða. Þykkt útveggja miðast við kröfur um einangrun hússins. Kosti þess við að byggja efri hæð með timburgrind telja skýrsluritarar vera að góð reynsla og þekking er til staðar innan hópsins til að hanna slíkt burðarkerfi sem og góð reynsla af þeirri byggingaraðferð hérlandis.

Samkvæmt verkkaupa/leiðbeinendum er gerð sú krafa að þak sé borið uppi með timbursperrum, upptekið að hluta. Skýrsluritari voru sammála um að byggja niðurtekna þakhlutann með kraftsperrum og sá upptekni væri borinn með límtrébita í mæni. Kraftsperrur voru metnar vel til þess fallnar að bera uppi niðurtekna þakhlutann þar sem hönnun þeirra gefur kost á að þær spanni mikið haf og því óþarfi að vera með berandi innveggi eða súlur í þeim hluta hússins. Þar sem upptekna þakið tekur við í alrými stofu og eldhúss var ákveðið að límtrébiti skyldi vera í mæni sem bæri uppi þaksperrur á móti útveggjum.

Verklýsing

0. Hönnun og ráðgjöf

0.1. Hönnun og ráðgjöf

Vísað er í byggingarreglugerð kafla 6.2 gr. 6.2.1 um að staðsetja skuli byggingu og fella hana að landi innan byggingarreits þannig að góð tenging sé milli umhverfis, útisvæðis byggingarinnar og byggingarinnar sjálfrar. Þá skal gæta að gæðum byggingarlistar, öryggi og hollustu, heilsu, umhverfi, aðgengi, notagildi og orkunotkun. Staðsetja skal byggingu með tilliti til vindátta, birtuskilyrða og skuggavarps þannig að sólar og skjóls njóti á sem heppilegastan hátt á leik- og dvalarsvæðum.

Verkið skal unnið í samræmi við IST 35, gildandi mannvirkjalög, byggingarreglugerð, kröfur byggingaryfirvalda á viðkomandi stað og kröfum um góð og fagleg vinnubrögð.

Til þess að gera íveru rými stofu og eldhúss notendavænna var ákveðið að gera breytingar á hönnun hússins þess efnis að færa rýmin á efri hæð hússins sem býr til aukna fjarlægð frá umferð gangandi og akandi sem og að njóta má aukins útsýnis frá rýmum. Þá voru hannaðar svalir sem tengingu við rýmin til þess að auka notagildi þeirra.

Við hönnun lóðar var horft til þess að gera aðlaðandi og gott útisvæðis með góðum palli sem snýr í suðvestur og gert ráð fyrir að á pallinum sé heitur pottur.

1. Aðstaða og jarðvinna

1.1. Aðstaða

Verktaki tekur við vinnusvæði í því ástandi sem það er við afhendingu þessarar verklýsingar. Þá þarf verktaki að taka tillit til þess að vinnusvæðið er í íbúðargötu og má búast við umferð gangandi og akandi vegfaranda á verk tíma. Verktaka bera að tryggja að ekki hljóttist hætta af starfsemi sinni og að sem minnst truflun verði fyrir íbúa og aðra vegfarendur á meðan framkvæmdartíma stendur. Þá ber verktaka að kynna sér allar teikningar við upphaf verks og áður en hann mælir fyrir einstökum verkhlutum. Komi í ljós misræmi í teikningum skal verktaki þá þegar gera hönnunarstjóra viðvart og fá skorið úr um réttmæti teikninga.

1.1.1 Aðstaða

Skylt er að koma upp aðstöðu fyrir starfsmenn á byggingarvinnustað, samkvæmt reglum Vinnueftirlits ríkisins um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Staðsetning og frágangur slíkrar aðstöðu er háður samþykki leyfisveitanda. Sé óskað eftir bráðabirgðaheimlögnum í slíkt húsnæði þarf viðkomandi veita að samþykkja staðsetningu þeirra sbr. 4.11.4 gr. byggingarreglugerðar.

Verkpallar skulu fluttir, settir upp og fjarlægðir að notkun lokinni á kostnað verktaka. Skulu þeir uppfylla kröfur vinnueftirlitsins og byggingarreglugerðar. Gæta skal sérstaklega að fallvörnum á verkstað og skulu þær uppfylla kröfur sbr. fræðslu og leiðbeiningarit vinnueftirlits ríkisins nr. 34 og/eða reglugerð nr. 331/1989 um röraverkpalla.

Við verklok skal verktaki fjarlægja alla sína aðstöðu sem og efnisafganga, rusl, öryggisgirðingar, verkpalla og annað sem á hans vegum er.

Komi upp vinnuliðir sem ekki hefur verið séð fyrir (aukaverk) skal greitt samkvæmt verksamningi um aukaverk sem verkkaupi og verktaki gera sín á milli.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó tölum á þeim einingum sem fram koma í magnskrá. Í einingaverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við verkfallana svo sem flutningur, uppsetning og niðurtekning, rýrnun efnis og förgun nema annað sé tekið fram.

1.1.2 Rekstur vinnusvæðis

Verktaki setur upp á sinn kostnað þá vinnuaðstöðu sem þurfa þykir vegna framkvæmdar verksins s.s. vinnuskála, salerni, verkfæra- og efnisaðstöðu, öryggisgirðingar og annað eftir þörfum og í samræmi við reglugerðir frá vinnueftirliti ríkisins og byggingarreglugerð.

Bráðabirgðaheimtaugar, fráveitulagnir og rafmagnstöflur sem nauðsynlegar eru vegna verksins skulu kostaðar af verktaka sem og rekstur vinnuaðstöðu almennt á meðan verktíma stendur.

Þá skal verktaki sjá til þess að umhirða vinnusvæðið sé til fyrirmyndar og gæta þess að valda ekki skemmdum á aðliggjandi lóðum eða lóðamörkum. Valdi verktaki skemmdum skulu þær bættar á kostnað verktaka. Þá skal verktaki verja svæðið gegn óviðkomandi með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir slys eða óhöpp.

Efnisafgangar og annað sem fellur til við verkið skal verktaki fjarlægja, eftir þörfum og reglulega, á sinn kostnað.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó tölum í þeim einingum sem fram kemur í magnskrá. Einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við aðstöðuna, svo sem vinna, efni, aðflutningar, brottflutningar, förgun, rýrnun o.s.frv., nema annað sé tekið fram. Einnig er rafmagn, hiti og rekstur vinnusvæðisins að öðru leiti sem og rekstur aðstöðunnar á meðan verki stendur innifalinn í kostnaði við aðstöðuna.

1.1.3 Bráðabirgðagirðing í kringum vinnusvæði

Girða skal af byggingasvæði sem liggur að götu, göngustíg eða öðrum svæðum þar sem hætta getur stafað af fyrir vegfarendur. Þess skal gætt að slíkar girðingar hindri ekki umferð fótgangandi eða aðra umferð utan lóðar sbr. 4.11.3 gr. byggingarreglugerðar.

Girðingin skal vera mannheld, standast vindaálag og vera stöðug.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m) mælt að uppsetningu lokinni. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við uppsetningu, niðurrif svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, festingar, umframmagn vegna afskurða, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

1.2. Jarðvinna

Verktaki skal annast alla jarðvinnu s.s. gröft og fleygun. Grafa skal niður á klöpp og skal allur óburðarhæfur jarðvegur notaður við landmótun en allt umfram efni flutt af vinnusvæði á viðurkenndan losunarstað. Verktaki skal nýta burðarhæft efni sem grafið verður upp í fyllingu undir fyrirhugaða byggingu og bílastæði. Verktaki framkvæmir allar mælingar sem nauðsynlegar eru til að vinna verkið rétt, í samráði við verkkaupa. Allar slíkar mælingar skulu vera innifaldar í einingarverðum. Jarðvinnu skal framkvæma samkvæmt meðfylgjandi verklýsingum og í samræmi við góð og fagleg vinnubrögð og ætíð skal þess gætt að virða staðla, lög og reglugerðir.

1.2.1 Gröftur

Grafa skal burtu lausan jarðveg og lífræn efni, niður á fastan eða burðarhæfan botn, hreinsa vel undan veggjum, súlum o.s.frv. áður en mót eru smíðuð. Verktaki framkvæmi allar mælingar sem nauðsynlegar eru til að vinna verkið rétt, í samráði við verkkaupa. Allar slíkar mælingar skulu vera innifaldar í einingaverðum. Jarðvinnu skal framkvæma samkvæmt góðum og faglegum vinnubrögðum, verklýsingum, stöðlum, lögum og reglugerðum.

1.2.1.1 Gröftur notaður til fyllinga að húsi og í lóð

Uppgrafið óburðarhæft efni úr lóð s.s. efni úr húsgrunni, gangstéttum og bílastæðum, má nota til jöfnunar lóðar og til fyllinga að húsi þar sem ekki er krafist burðarhæfrar eða sérstakrar jarðvegsfyllingar.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó rúmmetrum (m³), eins og mæla má að verki loknu frá óhreyfðum jarðvegi. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. vinna, vélar og flutningar

1.2.1.2 Uppgreftir ekið burt

Verktaki skal flytja allt uppgrafið efni sem ekki er notað í landmótun eða jarðvegspúða á viðurkenndan losunarstað.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó rúmmetrum (m³) og eiga við óhreyfðan jarðveg. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við gröft, vinnu vélar og flutninga og annað sem til þarf til að fullvinna verkið, nema annað sé tekið fram. Ef grafið er meira en verkið útheimtir er það á ábyrgð verktaka og skal hann bera af því allan kostnað. Í einingarverðinu skal einnig vera innifalinn allur kostnaður við tipp ef um er að ræða.

1.2.1.3 Gröftur fyrir frárennislögnum

Verktaki skal grafa fyrir lögnum, sanda og þjappa undir lagnir. Þá skal fylling og frágangur vera í samræmi við ÍST 65 og skal ekki fylla að lögnum fyrr en úttekt hefur farið fram. Óheimilt er að raska lögnum, t.d. vatnslögnum, holræsalögnum o.s.frv. sem liggja um lóðina nema með skriflegu leyfi viðkomandi veitufyrirtækja eða eftir atvikum annarra eigenda samkvæmt 4.11.2 gr. byggingarreglugerðar.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m). Magntölur miðast við þjappað efni. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efniskaup, þar með talinn sandur, gröftur, ámokstur, akstur, jöfnun, þjöppun o.s.frv., nema annað sé tekið fram. Verktaki skal sjálfur bera kostnað af umframmagni sem orsakast af því að grafið var út fyrir greiðslumörk, nema það hafi verið gert að beiðni eftirlitsmanns.

1.2.2 Fylling

Fyllingar undir undirstöður skulu standast kröfur byggingarreglugerðar, standa á föstum burðarhæfum botni, klöpp eða burðarhæfum og frostþolnum jarðvegi. Skulu þær þannig hannaðar og uppbyggðar að ekki hljótist tjón af völdum hreyfinga í jarðvegi, t.d. vegna sigs eða frostlyftinga. Byggingastjóri skal leggja fram fullnægjandi gögn þess efnis frá viðurkenndri rannsóknarstofu að fylling standist það álag sem fyllingunni er ætlað að þola sbr. 8.1.4 gr. byggingarreglugerðar um undirstöður.

Nota skal burðarhæft efni við fyllingu undir hús og bílastæði. Efnið skal vera ófrostrnæmt, ólífrænt og þjappanlegt malarefni eða bögglaberg. Gæta skal að fylling sé í réttum hæðakóta skv. teikningu. Verktaki skal sjá til þess að jarðvegur sé þjappaður skv. viðurkenndum og faglegum aðferðum og að jarðvegsfylling/púði standist prófanir sem að verktaki lætur framkvæma af viðurkenndum aðila.

Þjöppunarkröfur undir sökkla: $E_2 > 120 \text{ N/mm}^2$ og $E_2/E_1 < 2,3$

Þjöppunin undir botnplötu skal samsvara 98% Standard proctor.

Ef plötupróf stenst ekki kröfur skal verktaki endurleggja fyllingarefni og framkvæma á fyllingu plötupróf á eigin kostnað. Plötupróf skal framkvæma a.m.k á hverja 100 m² af yfirborði fyllingar.

Þjöppunartafla:

Tæki	Lagþykkt	Fjöldi yfirferða
5 tn. vibrovaltari	0,4 m	6
0,5 tn. vibrovaltari	0,3 m	4
0,1 tn. vibrovaltari	0,2 m	4

Ef vinna á við fyllingar í frosti og eftir frostakafla skal það gert í samráði og með leyfi eftirlitsmanns. Óski verkaupi þess að á fyllingarefnum sé gerð rannsókn skal það framkvæmt af viðurkenndri rannsóknarstofnun og á kostnað verktaka. Verktaki skal láta verkkaupa vita með fyrirvara áður en fylling er lögð út þannig að verkkaupi geti haft uppi eftirlit með að kröfur séu uppfylltar. Gæta skal að unnið sé við jarðvegfsyllingar í samræmi við góð og fagleg vinnubrögð, staðla, lög og reglugerðir.

1.2.2.1 Fylling undir undirstöður

Fylling skal ná 1,0 m út fyrir sökkla þar sem það á við og ná niður á fast. Fylla skal og þjappa fyllinguna í lögum. Grúsarfylling skal vera frostörugg þ.e. þyngd korna vera minni en 0,02 mm skal vera minni en 3% af þyngd alls efnisins.

MAGNTÖLUR: Greitt verður fyrir hvern m³ fullþjappaðar fyllingar skv. einingarverði í tilboðsskrá. Einingarverð skulu innifela allan kostnað verktaka við þennan verklið, efni, þ.m.t. námugjöld, flutning, vinnu og annað, m.a. jöfnun yfirborðs. Greitt verður fyrir hvern m² yfirborðs sem skal finjafna og þjappa undir undirstöður og plötur skv. einingarverði í tilboðsskrá.

1.2.2.2 Fylling að og inn í grunn

Fylla skal að grunni með grófri grús eftir að gengið hefur verið frá veggjum og sökklum sem fara í jörð. Fylla skal samtímis báðu megin veggja þannig að hæðamunur verði ekki meiri en 0,4 m. Grunnur skal vera fylltur með grófri möl upp að neðri brún plasteinangrunar í plötu og þjappað. Skurður er grafinn í grunn eftir lagnaleiðum. Þegar lagnir eru niður lagðar er fyllt upp í skurðinn og þjappað aftur.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó rúmmetrum (m³). Við húsgrunna er magn reiknað frá grunnbotni upp undir botnplötu, en utan með húsi er reiknað með að fylling nái kóta 0,30 m undir efri brún botnplötu, nema annað sé tekið fram. Magntölur miðast við þjappað efni. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efniskaup, gröftur, ámokstur, akstur, jöfnun, þjöppun o.s.frv., nema annað sé tekið fram. Verktaki skal sjálfur bera kostnað af umframmagni sem orsakast af því að grafið var út fyrir greiðslumörk, nema það hafi verið gert að beiðni eftirlitsmanns.

1.2.2.3 Fylling í lóð og að undirstöðum með uppgröfnu efni

Gert er ráð fyrir að meirihluti óburðarhæfs, uppgrafins, efnis verði notað í landmótun lóðar og að undirstöðum þar sem ekki eru gerðar kröfur um burðarhæfi jarðvegs sem og að uppgrafinn burðarhæfur jarðvegur sé notaður í jarðvegsfyllingar skv. kröfum um jarðvegsfyllingar.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó rúmmetrum (m³) Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efniskaup, gröftur, ámokstur, akstur, jöfnun, þjöppun o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

1.2.3 Einangrun sökkla og botnplötu

1.2.3.1 Einangrun sökkla, 100 mm

Nota skal 100 mm plasteinangrun á innanverða sökkla. Einangrunina skal leggja í samræmi við teikningar og góð og fagleg vinnubrögð. Nota skal múrblöndu til að líma einangrunarplötur á sökkla og gæta sérstaklega að því að ekki myndist bil á milli einangrunarplatna. Einangrunarkröfur sökkla skulu vera 100 mm EPS, 24 kg/m³.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) mælt af teikningum. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningar, kostnaður vegna förgunar o.s.frv., nema annað sé tekið fram. Einnig umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar, skemmda o.þ.h.

1.2.3.2 Einangrun undir botnplötu, 100 mm

Einangrun undir botnplötu skal leggja á slétta og þjappaða jarðvegsfyllingu og skal einangrunin vera 100 mm EPS, 24 kg/m³. Viðhafa skal góð og fagleg vinnubrögð og gæta sérstaklega að ekki sé bil á milli einangrunarplatna.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) mælt af teikningum. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningar, kostnaður vegna förgunar o.s.frv., nema annað sé tekið fram. Einnig umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar, skemmda o.þ.h.

2. Burðarvirki

Framkvæmdum skal almennt haga samkvæmt ÍST10 og ÍST16, nema annars sé getið í þessum gögnum. Bent skal á að hluti af Íst10 er ekki lengur í gildi, en það sem stendur eftir af honum og snertir bendistál er kafli 6 í "Parti1".

2.1. Steypumót

Öll mót og mótauppsláttur hverskonar skulu uppfylla kröfur ÍST EN 12670:2009 með þeim breytingum og viðbótum sem getið er í þessari verklýsingu. Þess er krafist að mótatengi, kerfismót, uppsláttarefni og stífur séu í góðu ásigkomulagi. Mót skulu vera hreinsuð og olíuborin strax eftir notkun fyrir næsta uppslátt. Þá skal gæta þess að mót séu ávallt í ásigkomulagi til að fá sem bestar niðurstöður við uppsteypun. Þá ef þess gerist þörf skal skola mót fyrir niðurlögn til að losna við óhreinindi sem kunna að hafa fest á mótunum svo sem sag, sand eða annað. Ekki skal rífa mót eftir uppsteypun fyrr en tryggt er að steypan hafi náð nægjanlegum styrkleika. Við plötuuppslátt skulu mót standa undir steypnum milliþlötum þar til steypan hefur náð að minnsta kosti 70% af fyrirskrifuðum styrk, eða að minnsta kosti 28 daga styrk. Þá skulu skildar eftir nægjanlegar öryggisstöðir svo að milliþlata eigi ekki undir neinum kringumstæðum hættu á að síga.

Nákvæmniskröfur eru:

Undirstöður, staðsetning og stærð: ± 15 mm

Stærð annarra steyptra hluta ± 3 mm

Kótar: ± 3 mm

Misgengi veggja í steypuskilum: ± 3 mm

Staðsetning glugga og hurðaopa: ± 2 mm

Frávik frá 3 m réttskeið sem lögð er á steyptan flöt má mest vera sem hér segir:

Bitar, veggir, og súlur: ± 5 mm

Gólf og plötur vélslípa: ± 2 mm

Veggir sem verða sandspartlaðir: 4 mm

Gólf og plötur undir ilögn: +/- 10 mm

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) mælt af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Magntölur steypumóta í tilboðsskrá eiga alls staðar við einfalt byrði og miðast við snertiflöt steypu og móta, mót inn í opum teljast þó ekki með nema op séu meira en 4 m² en þar reiknast þau sérstaklega. Göt minni en 4 m² eru ekki dregin frá fermetratölu móta. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningur og kostnaður vegna förgunar, einnig umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar, skemmda o.þ.h., olíuburður, mótarið, hreinsun móta, verkpallar, afstíðingar, stoðir, þynningar o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

2.1.1 Mót sökklar, slétt mót (einf. byrði)

Mót skulu klædd plötum og/eða með þykktarhefluðum borðum og skulu vera frá viðurkenndum framleiðsluaðila. Stilla skal mótum upp samkvæmt verkeikningum. Staðsetning steypuskila og vatnslása skal vera skv. teikningum og skal ekki víkja frá þeim nema að höfðu samráði við eftirlitsaðila. Setja skal göt, raufar og úrtök í steypu samkvæmt teikningum. Ekki skal hefja steypuvinnu fyrr en eftirlitsmaður hefur tekið út mótauppslátt. Sökkulskaut skulu sett í undirstöðumót samkvæmt teikningum rafmagnshönnuða.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) mælt af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Magntölur steypumóta í tilboðsskrá eiga alls staðar við einfalt byrði og miðast við snertiflöt steypu og móta. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningur og kostnaður vegna förgunar, einnig umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar, skemmda o.þ.h., olíuburður, mótarið, hreinsun móta, verkpallar, afstíðingar, stoðir, þynningar o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

2.1.2 Mót veggir, slétt mót (einf. byrði)

Mót skulu klædd plötum og/eða með þykktarhefluðum borðum og skulu vera frá viðurkenndum framleiðsluaðila. Stilla skal mótum upp samkvæmt verkeikningum. Staðsetning steypuskila og vatnslása skal vera skv. teikningum og skal ekki víkja frá þeim nema að höfðu samráði við eftirlitsaðila. Setja skal göt, raufar og úrtök í steypu samkvæmt teikningum. Ekki skal hefja steypuvinnu fyrr en eftirlitsmaður hefur tekið út mótauppslátt.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) mælt af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Magntölur steypumóta í tilboðsskrá eiga alls staðar við einfalt byrði og miðast við snertiflöt steypu og móta. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningur og kostnaður vegna förgunar, einnig umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar, skemmda o.þ.h., olíuburður, mótarif, hreinsun móta, verkpallar, afstífinger, stoðir, þynningar o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

2.1.3 Mót, súluundirstöður

Undirstöður undir súlur skulu vera 600 x 600 mm. Með járnabendingu samkvæmt steyputeikningum. Ekki má steypa fyrr en eftirlitsmaður hefur loki tekið út.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjatali (stk) talið af teikningum. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningur og kostnaður vegna förgunar, einnig umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar, skemmda o.þ.h., olíuburður, mótarif, hreinsun móta, verkpallar, afstífinger, stoðir, þynningar o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

2.1.4 Vatnslás í mót

Vatnslás skal setja á öll steypuskil skv. teikningum. Tryggja skal að vatnslás sé tryggilega festur. Ekki má steypa fyrr en eftirlitsmaður hefur tekið út staðsetningu vatnslása.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m) mælt af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningur og kostnaður vegna förgunar, einnig umframmagn vegna

afskurðar, rýrnunar, skemmda o.þ.h., olíuburður, mótariif, hreinsun móta, verkpallar, afstííingar, stoðir, þynningar o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

2.1.5 Mót undir plötu, venjuleg lofthæð

Undirslátt undir plötu skal setja saman á mótabitum og lögð áhersla á að mótaefnið sé með góða yfirborðsáferð, nýtt eða vel hreinsað. Plötumót skuli yfirspennt fyrir miðju, þ.e. hafa yfirhæð í miðri plötu, 3 mm á meter, og skulu öryggisstoðir standa óhreyfðar undir plötu þar til hún hefur náð tilskyldum styrkleika.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) mælt af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Magntölur steypumóta í tilboðsskrá eiga alls staðar við einfalt byrði og miðast við snertiflöt steypu og móta. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningur og kostnaður vegna förgunar, einnig umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar, skemmda o.þ.h., olíuburður, mótariif, hreinsun móta, verkpallar, afstííingar, stoðir, þynningar o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

2.1.6 Plötusæti

Plötusæti skal vera að lámarki 45 mm. Plötusæti skal staðsetja samkvæmt teikningum. Verktaki velur viðeigandi efni til að móta plötusæti. Ekki má steypa fyrr en eftirlitsmaður hefur tekið út staðsetningu plötusæta.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m) mælt af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningur og kostnaður vegna förgunar, einnig umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar, skemmda o.þ.h., olíuburður, mótariif, hreinsun móta, verkpallar, afstííingar, stoðir, þynningar o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

2.1.7 Göt í mót.

Göt skal staðsetja samkvæmt teikningum. Notast skal við timbur eða annað efni sem auðvelt er að ná úr eftir steypuvinnu. Tryggja skal að mót fyrir göt séu á réttum stað og tryggilega fest svo

Þau færast ekki úr stað. Ekki má steypa fyrr en eftirlitsmaður hefur tekið út staðsetningu gata í mótunum.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í stykkjatali (stk) talið af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningur og kostnaður vegna förgunar, einnig umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar, skemmda o.þ.h., olíuburður, mótarið, hreinsun móta, verkpallar, afstíðingar, stoðir, þynningar o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

2.1.8 Glugga og hurðagöt fyrir eftir á ísetta glugga/hurðir.

Glugga- og hurðagöt skulu vera 10 mm umfram ummál á alla kannta á gluggum og hurðum þar sem gert er ráð fyrir eftir á ísettum gluggum og hurðum. Nota skal sagaða dokafleka eða sambærilegt í glugga og hurðagöt og skulu þeir afstíðir og festir í mót á fullnægjandi hátt.

Nákvæmniskröfur: Stærð og staðsetning glugga og dyraopa +/- 5mm

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m) mælt af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningur og kostnaður vegna förgunar, einnig umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar, skemmda o.þ.h., olíuburður, mótarið, hreinsun móta, verkpallar, afstíðingar, stoðir, þynningar o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

2.1.9 Stigi í steypa plötu.

Stigi milli hæða skal vera staðsteyptur samkvæmt teikningum. Tryggja skal að uppstig og framstig standist mál og skal endanleg áferð steypu vera tilbúin undir niðurlögn gólfefnis.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í stykkjatali (stk) talið af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningur og kostnaður vegna förgunar, einnig umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar, skemmda o.þ.h., olíuburður, mótarið, hreinsun móta, verkpallar, afstíðingar, stoðir, þynningar o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

2.2. Bendistál

2.2.1 Bendistál á m2 húss – viðmiðun

Allt bendijárn skal vera kambstál B500C samkvæmt NS 3576-2. Allt bendijárn og meðhöndlun þess skal jafnframt uppfylla þau ákvæði ÍST 10 sem í gildi eru. Á það skal bent að af kambstáli er um marga gæðaflokka og styrkleikaflokka að ræða. Leiki vafi á um gæði tegundar skal framkvæma prófun á eiginleikum bendijárnsins. Prófun þessi skal framkvæmd af viðurkenndri rannsóknarstofu á kostnað verktaka og skal taka það mörg sýnishorn að þau geti talist einkennandi fyrir það magn sem fyrir liggur. Verktaki skal greiða fyrir allar þær prófanir sem taka þarf til að fyrir liggi að bendijárnið uppfylli tilskildar kröfur.

Meðhöndlun bendijárns:

Á byggingarstað skal geyma allt bendistál í rekkum til að verja það óhreinindum. Allt bendijárn skal vera hreint og laust við eldhúð og ryðflögur. Járnaþending skal vera vel og faglega af hendi leyst og samkvæmt teikningum. Bendijárnagrind skal binda saman þannig að hún myndi stífa heild og skal til þess nota bindivír, hvort sem er í vél eða handbundið. Verktaka er ekki heimilt að byrja steypuvinnu fyrr en bendijárnagrind hefur verið lögð að fullu og fest saman, eftirlitsmaður tekið hana út og gefið leyfi til að hefja steypuframkvæmdir.

Steypuhula og frágangur bendijárngrinda.

Fjarlægð bendijárna frá steypufirborði skal vera samkvæmt teikningum og skv. almennum skýringum í verkeikningum. Fjarlægðarklossar skulu vera úr steypu eða plasti af viðurkenndri gerð og er ekki heimilt að nota nagla sem fjarlægðarklossa. Mesta fjarlægð milli fjarlægðarklossa má vera 0,8m í báðar áttir. Þess skal vandlega gætt að fjarlægð bendijárna frá steypubrún sé rétt og þannig frá járnaþendingu gengið að hún haggist ekki þegar steyppt er. Skal í þessu skyni skorða veggja- og plötugrindur með fyrrnefndum fjarlægðarklossum þannig að rétt steypuhula náist. Setja skal stóla úr bendijárni undir efri brún grinda í plötur og afstífangarjárn milli bendijárngrinda í veggjum eða aðrar viðurkenndar aðferðir. Þar sem göt koma í loft og vaggi og þau ekki teiknuð sérstaklega skal setja auka bendijárn í kringum þau og skulu þessi bendi járn

vera af sömu gerð og annars er notuð við bendingu og skulu þau ná minnstu skeytilengd út fyrir götin. Í járnbentum veggjum skal framlengja bendijárnagrind minnst skeytilengd út fyrir steypuskil en að öðru leyti skal skeyting bendijárna vera samkvæmt fyrirmælum teikninga. Það skal sérstaklega tekið fram að ekki má beygja bendijárn í krappari beygjur en fyrirskrifað er í ÍST10. Aðeins má skeyta $\frac{1}{3}$ af stöngum í sama sniði. Fjöldi og staðsetning skeyta er háð samþykki eftirlitsmanns. Fara skal eftir sniðum þegar lega bendijárna miðað við yfirborð er ákveðin. Almennt gildir um járnabendingu í veggjum að ef snið sýna ekki annað, að lóðrétt bendijárn liggja nær yfirborði í veggjum. Í sökklum og veggjum sem jarðvegur liggur upp að skulu láréttu bendijárnin vera nær yfirborði. Bendijárnagrind má aðeins rafsjóða ef notað er suðuhæft stál og það tekið fram á teikningum eða skriflegt leyfi eftirlitsmanns liggi fyrir. Skilgreining á magntöku bendingar er mælt í kg og er miðað við eftirfarandi kg/m:

$$K10 = 0,636 \text{ kg/m}$$

$$K12 = 0,915 \text{ kg/m}$$

Magntölur: Magntölur er gefið upp í nettó fermetrum (m^2) og mæla má að verki loknu og hvorki aukið við magn fyrir skeytum umfram þau sem sýnd eru á teikningu né vegna rýrnunar. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður svo sem efni, vinna, vélar og flutningar, bindivír, stólar, fjarlægðaklossar, verkpallar og kostnaður vegna förgunar, einnig umframmagn vegna klippingar, rýrnunar, skemmda o.þ.h., nema annað sé tekið fram.

2.3. Steinsteypa

Alla steypuvinnu skal vinna í samræmi við góð og fagleg vinnubrögð sem og meðfylgjandi verklýsingar. Gera skal prófanir á steinsteypu á byggingarstað og skulu þær framkvæmdar af viðurkenndri rannsóknarstofu. Ef að steinsteypa stenst ekki kröfur skal tafarlaust taka ákvörðun um nauðsynlegar úrbætur og er verktaka skylt að framkvæma það er eftirlitsaðili ákveður eða fjarlægja þá steypu sem um ræðir. Fylliefni skulu uppfylla byggingarreglugerð hvað varðar skilyrði um alkalívirgni, saltinnihald og berggreiningu. Auk þess skal fylliefnið ekki innihalda önnur óhreinindi eða efnisþætti sem geta skert steypugæði eða valdið tæringu í bendistáli. Kornalögun og kornadreifing fylliefna skal vera þannig að viðunandi þjálni náist, þannig að fullnægjandi gæði niðurlagnar sé tryggð. Öll steypa sem verður fyrir áhrifum frosts skal vera loftblendin og skal loftmagnið vera mælt á byggingarstað rétt áður en steypan er lögð í mót. Ef verktaki notar dælu við að flytja steypuna skal mæla loftið í steypunni eftir að henni hefur verið dælt. Dæling getur minnkað loftmagn í steypunni og þarf að taka tillit til þess við ákvörðun á magni loftblendis.

2.3.1 Steypa í undirstöðum, C-25

Þessi steypa kemur í allar undirstöður og skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Steypa C-25	
Styrkleikaflokkur skv ÍST EN206:	C25
Umhverfisflokkar skv. ÍST EN 206:	XC2
Vatns / Sementshlutfall:	< 0,55
Lágmarks sementsmagn:	280kg/m ³
Hámarks kornastærð:	25mm

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó rúmmetrum (m³) mælt af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Ekki er dregið af magni vegna járnþendingar, raflagna, innsteyptra hluta, kverk- eða kantlista. Glugga-og dyrop eru dregin frá og önnur op sem eru stærri en 0,1 m². Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við steypuna þar til hún er

fullunnin, svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna dælingar, einnig umframmagn vegna rýrnunar, skemmda o.þ.h., Einnig sýnataka og prófun á steypunni og steypuviðgerðir ef þeirra er þörf o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

2.3.2 Steypa í útveggjum, C-25

Þessi steypa kemur í alla útveggi og súlur, hún skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Steypa C-25	
Styrkleikaflokkur skv ÍST EN206:	C25
Umhverfisflokkar skv. ÍST EN 206:	XC2
Vatns / Sementshlutfall:	< 0,55
Lágmarks sementsmagn:	280kg/m ³
Hámarks kornastærð:	25mm

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó rúmmetrum (m³) mælt af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Ekki er dregið af magni vegna járnþendingar, raflagna, innsteypra hluta, kverk- eða kantlista. Glugga-og dyrop eru dregin frá og önnur op sem eru stærri en 0,1 m². Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við steypuna þar til hún er fullunnin, svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna dælingar, einnig umframmagn vegna rýrnunar, skemmda o.þ.h., Einnig sýnataka og prófun á steypunni og steypuviðgerðir ef þeirra er þörf o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

2.3.3 Steypa í plötu, C-30

Þessi steypa kemur í botnplötu og milliþötu og skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

Steypa C-30	
Styrkleikaflokkur skv. ÍST EN206:	C35
Umhverfisflokkur skv. ÍST EN 206:	XF1/XF3
Vatns / Sementshlutfall:	< 0,45
Lágmarks sementsmagn:	320kg/m ³
Hámarks kornastærð:	25mm

Steypa sem kemur í plötur og súlur skal hafa fjarstöðul að lágmarki $0,8 \times E_{cm} = 27.200 \text{ MPa}$

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó rúmmetrum (m³) mælt af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Ekki er dregið af magni vegna járnþendingar, raflagna, innsteyptra hluta, kverk- eða kantlista. Glugga- og dyrop eru dregin frá og önnur op sem eru stærri en 0,1 m². Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við steypuna þar til hún er fullunnin, svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna dælingar, einnig umframmagn vegna rýrnunar, skemmda o.þ.h., Einnig sýnataka og prófun á steypunni og steypuviðgerðir ef þeirra er þörf o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

2.4. Trévirkir

Trévirkir skal vera í samræmi við ÍST INSTA 142, Norrænar reglur um styrkleika timburs og NTR, Skjal nr. 1:1998 Norrænir gagnvarnarflokkar (NTR Dokument nr. 1:1998 Nordiske træbeskyttelsesklasser) og ÍST EN 15228.

2.4.1 Útveggjagrindur

Útveggjagrind samanstendur af 45x145 mm burðavið og 9 mm krossvið. Skyrkleikaflokkur burðasviðs skal vera C24 og uppsetning þeirra eftir teikningu. Ytri hlið útveggjagrindar er klæddur með 9 mm krossvið, festur með úretanlími og 2" nöglum með 150 mm millibili. Fara skal eftir teikningu með staðsetningu vinkla.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) mælt af teikningum, eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurða, rýrnunar og skemmda o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

2.4.2 Límtrésbiti 135 x 500 mm

Þessi liður felur í sér efni og vinnu við að koma fyrir límtrésbita í samræmi við magnskrá og á teikningu. Timburgæði í límtrébitum skal vera L40, samkvæmt ÍST EN 14080 staðli. Límtrésbitinn er “beinn” límtrésburðabiti, 135x500 mm að stærð og lengd bita má sjá á teikningu. Límtrésbitinn skal vera framleiddur af viðurkenndum aðilum sem hafa reynslu á framleiðslu límtrésbita af svipaðri gerð. Uppsetning bita skal vera gerð eftir leiðbeiningum framleiðanda og teikninga.

Ljósleiðarastrengur skal vera tengdur í smáspennuskáp af viðurkenndum aðila.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m), mælt af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

4.5.2 Tölvutenglar með loki einfaldur

Tölvutenglar skulu vera tengdir eftir teikningu og eftir viðurkenndum hætti. Nota ber vír sem fram kemur á töfluteikningu.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), talið af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

4.5.3 Tölvutenglar með loki tvöfaldir

Tölvutenglar skulu vera tengdir eftir teikningu og eftir viðurkenndum hætti. Nota ber vör sem fram kemur á töfluteikningu.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), talið af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

4.5.4 Bjölluhnappur

Bjölluhnappur skal vera úr póleraðu ryðfríu stáli í króm lit.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), talið af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

4.5.5 Bjölluspennir

Bjölluspennir skal vera í töflu og tengdur eftir viðurkenndum hætti.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), talið af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

4.5.6 Bjalla (ding-dong)

Tenging á bjöllu (ding-dong) skal vera gerð af viðurkenndum aðila og eftir viðurkenndum hætti.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), talið af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

4.5.7 Strengur CAT 5 tölvustrengur

Tengja skal CAT tengla eftir B-staðli.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m), mælt af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

4.5.8 Reykskynjari, jónískir

Jónískur reykskynjari skal vera staðsettur í öllum svefnherbergjum og alrýmum. Staðsetning á reykskynjara má sjá á teikningu. Uppsetning á reykskynjara skal vera framkvæmd af viðurkenndum aðila.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), talið af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

5. FRÁGANGUR INNANHÚSS

5.1. Múrverk

Öll múrvinna og vinna við hleðslu milliveggja skal vera fyrsta flokks og unnin af viðurkenndum aðilum. Við alla múrvinnu undirbúning og frágang skal farið eftir teikningum / verklýsingum í handbókum framleiðanda. Þá skal múrvinnu vinna í samræmi við fagleg og góð vinnubrögð, staðla, lög og reglugerðir.

5.1.1 Innveggir, hlaðnir, 100 mm

Hlaðnir milliveggir eru úr 100 mm hvíttri frauðsteypu. Tryggja skal að lím sem notað er við hleðslu milliveggja sé frá sama framleiðanda og hleðslu steinn. Passa skal að nota hljóðdúk undir hleðslu. Steininn er hlaðin samkvæmt teikningum og festur við útvegg timburgrindar með flex frauði, frágangur við rakasperru skal vera unnin á sama hátt.

MAGNTÖLUR: magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) og mæla má að verki loknu. Veggir eru mældir í m² öðru megin. Öll op eru dregin frá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rifið er ef um að ræða.

5.1.2 Gólfílögn, 40 mm

Steypt plata skal vera rispuð upp rykhreinsuð og grunnuð með epoxy grunn fyrir gólfílögn. Tryggja skal að hvergi fari ílögn undir 15 mm eftir aðstæðum til að lámarka hættu á sprungum. Hiti á gólfhita leiðslum má ekki fara yfir 20°C meðan ílögn er lögð en eftir 7 daga má hækka hita hægt og rólega. Hitastig á leiðslum skal ekki vera yfir 55°C í lengri tíma við notkun. Leggja þarf 10 mm lista við alla inn og útveggi fyrir niðulögn ílagar.

Hæðarmunur má hvergi vera meiri en ± 3 mm frá uppgefnum kótum og hvergi má muna meiru en 2 mm á fleti með 1500 mm þvermál. Þar sem niðurföll eru sýnd á teikningum skal hafa minnst 1% halla að gólfniðurfalli.

MAGNTÖLUR: magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) og mæla má að verki loknu. Veggir eru mældir í m² öðru megin. Öll op eru dregin frá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rifið er ef um að ræða.

5.2. Léttir veggir og klæðningar

Verkið skal unnið samkvæmt teikningum eftir því sem við á og skal verktaki kynna sér þær áður en verk hefst og skilja að fullu. Verði verktaki var við misræmi milli teikninga og verklýsinga, misræmi í teikningum innbyrðis eða að taka þurfi sérstakleg tillit til aðstæðna um fram það sem teikningar segja til um, skal hann tilkynna verkkaupa það þegar í stað til nánari ákvörðunar. Verktaki má engar breytingar gera á verkinu nema með samþykki verkkaupa. Verkið skal unnið samkvæmt góðum og faglegum vinnubrögðum, stöðlum, lögum og reglugerðum.

5.2.1 Innveggir, 70/60 stálgrind, 2x2, 13mm gifsplötur

Grind í milliveggjum er 70 mm stálstoð og leiðari einangruð með 50 mm steinull og klædd beggja vegna með 2x13 mm gifsi. Gifsplötur skulu vera fyrsta flokks sem uppfylli DS/SBI staðla. Gólfleiðarar sem liggja við stein, skulu vera með filt og festir með 8x60 mm rekskrúfum með 500 mm millibili. Leiðarar sem leggjast að timbri eru festir með 4,5x40 mm galvanhúðuðum skrúfum með 300 mm millibili. Stálstoðir eru klemmdar við leiðara með millibil c/c 600 mm. Gifsplötur skulu festar upp eftir leiðbeiningum framleiðanda.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) og mæla má að verki loknu. Veggir eru mældir í m² öðru megin. Öll op eru dregin frá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun

umframefnis og efnis sem rifið er ef um er að ræða. Einnig eru innifaldar styrkingar í veggjum, vinnupallar og annað sem þarf til að fullgera verkið, ef það er ekki reiknað í öðrum liðum verksins.

5.2.2 Grind 34x45 mm c/c 60 cm m/ festingu

Raflagnagrind 34x45 mm er lögð lárétt og fest upp með 4,5x80 mm galvaniseruðum skrúfum í hverja stoð við útveggjagrind. Bil á milli grinda er c/c 600 mm.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) og mæla má að verki loknu. Veggir eru mældir í m² öðru megin. Öll op eru dregin frá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rifið er ef um er að ræða. Einnig eru innifaldar styrkingar í veggjum, vinnupallar og annað sem þarf til að fullgera verkið, ef það er ekki reiknað í öðrum liðum verksins.

5.2.3 Klæðning, gifsplötur, 13 mm

Tvöfalt gifs klætt við útvegg timburgrindar og fest upp eftir leiðbeiningum framleiðanda. Gifsplötur skulu vera fyrsta flokks sem uppfylli DS/SBI staðla.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) og mæla má að verki loknu. Veggir eru mældir í m² öðru megin. Öll op eru dregin frá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rifið er ef um er að ræða. Einnig eru innifaldar styrkingar í veggjum, vinnupallar og annað sem þarf til að fullgera verkið, ef það er ekki reiknað í öðrum liðum verksins.

5.2.4 Klæðning, vatnspolnar gifsplötur, 13 mm

Tvöfalt vatnspolið gifs er lagt í öll votrými þar sem ekki eru hlaðnir veggir og fest upp eftir leiðbeiningum framleiðanda. Gifsplötur skulu vera fyrsta flokks sem uppfylli DS/SBI staðla.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) og mæla má að verki loknu. Veggir eru mældir í m² öðru megin. Öll op eru dregin frá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun

umframefnis og efnis sem rifið er ef um er að ræða. Einnig eru innifaldar styrkingar í veggjum, vinnupallar og annað sem þarf til að fullgera verkið, ef það er ekki reiknað í öðrum liðum verksins.

5.2.5 Þolplast á veggi, 0,2 mm

Þolplast (rakavarnalag) er lagt innan á útvegg og fest upp með tvíhliða límbandi og/eða heftum. Samskeyti skal skara á uppistöðum, minnst 200 mm og þetta skal þolplast við öll samskeyti, glugga, hurðir og göt eftir viðurkenndum hætti. Þar sem þolplast mætir öðrum efnum s.s. múrhúð skal þetta samskeyti með rakasperrukítti eða sambærilegu. Nota skal viðurkennd efni sem þola raka og UV geisla. Vanda skal þéttingu rakavarnarlagsins þannig að það sé hvergi loftleka að finna á því.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) og mæla má að verki loknu. Veggir eru mældir í m² öðru megin. Öll op eru dregin frá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rifið er ef um er að ræða. Einnig eru innifaldar styrkingar í veggjum, vinnupallar og annað sem þarf til að fullgera verkið, ef það er ekki reiknað í öðrum liðum verksins.

5.2.6 Þolplast í loft, 0,2 mm

Þolplast er lagt við innra lag þaksperra og togbands við kraftsperru og fest upp með tvíhliða límbandi og/eða heftum. Samskeyti skal skara á þaksperrum eða togbandi, minnst 200 mm og þetta skal þolplast við öll samskeyti og göt eftir viðurkenndum hætti. Þar sem þolplast mætir öðrum efnum s.s. múrhúð skal þetta samskeyti með rakasperrukítti eða sambærilegu. Nota skal viðurkennd efni sem þola raka og UV geisla. Vanda skal þéttingu rakavarnarlagsins þannig að það sé hvergi loftleka að finna á því.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) og mæla má að verki loknu. Veggir eru mældir í m² öðru megin. Öll op eru dregin frá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rifið er ef um er að ræða. Einnig eru innifaldar styrkingar í veggjum, vinnupallar og annað sem þarf til að fullgera verkið, ef það er ekki reiknað í öðrum liðum verksins.

5.2.7 Steinullareinangrun, 25 mm, þéttull 30 kg/m³

Milli raflagnagrindar í þaki er lögð 25 mm steinull. Uppsetning á einangrun skal vanda þannig að hún liggi alls staðar fast við grind og hvergi myndist holrými. Þar sem einangrun er tvöföld skal gæta þess að samskeyti standist ekki á.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu. eða þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Öll op eru dregin frá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rifið er ef um er að ræða. Einnig eru innifaldir vinnupallar og annað sem þarf til að fullgera verkið, ef það er ekki reiknað í öðrum liðum verksins.

5.2.8 Steinullareinangrun 145 mm, þéttull, 30 kg/m³

Inn á milli veggstoða kemur 145 mm steinull. Uppsetning á einangrun skal vanda þannig að hún liggi alls staðar fast við veggstoðir og hvergi myndist holrými.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu. eða þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Öll op eru dregin frá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rifið er ef um er að ræða. Einnig eru innifaldir vinnupallar og annað sem þarf til að fullgera verkið, ef það er ekki reiknað í öðrum liðum verksins.

5.2.9 Þakull með vindpappa, 200 mm

Inn á milli þaksperra sem bornar eru uppi með límtrésbita kemur 200 mm þakull, tvöfalt lag, efra lag með vindpappa. Uppsetning á einangrun skal vanda þannig að hún liggi alls staðar fast við grind og hvergi myndist holrými. Þar sem einangrun er tvöföld skal gæta þess að samskeyti standist ekki á.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu. eða þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Öll op eru dregin frá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og

brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rifið er ef um er að ræða. Einnig eru innifaldir vinnupallar og annað sem þarf til að fullgera verkið, ef það er ekki reiknað í öðrum liðum verksins.

5.2.10 Þakull með vindpappa, 220 mm

Inn á milli togbanda kemur 220 mm þakull með vindpappa sem fest er með borða að neðan verðu. Uppsetning á einangrun skal vanda þannig að hún liggi alls staðar fast við grind og hvergi myndist holrými.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu. eða þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Öll op eru dregin frá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rifið er ef um er að ræða. Einnig eru innifaldir vinnupallar og annað sem þarf til að fullgera verkið, ef það er ekki reiknað í öðrum liðum verksins.

5.2.11 Glugga og hurðaaáfellur, gifsplötur

Glugga og hurðaaáfellur eru úr harðgifsplötum með trefjum. Líma skal gifsið í rauf sem fræst er í glugga og hurðir. Einnig skal festa áfelli við raflagnagrind sem búið er að leggja umhverfis glugga.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m), eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda, kostnaður vegna förgunar o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

5.2.12 Sólbekkir, plastlagðar spónaplötur

Sólbekkir eru hvítir, plastlagðir, 28 mm þykkir og skulu falla að gluggakarmi með tappa. Sólbekkir skulu ná 50 mm út fyrir fullfrágenginn vegg og 50 mm út fyrir ofna þar sem á við. Sólbekkir skulu vera í öllum gluggum svefnherbergja, borðstofu og eldhúsi.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m), eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera

verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig, verkpallar, festingar, umframmagn vegna afskurðar, rýrnunar og skemmda, kostnaður vegna förgunar o.s.frv., nema annað sé tekið fram.

5.2.13 Loft, berandi timburgrind og 13 mm gifsplötur

Loftgrind 34x45 mm skal smíða úr heflaðri furu, 1. flokks, húspurrt. Hana skal festa á raflagnagrind sem búið er að setja upp á milli sperra með 5,0x70 mm galvaniseruðum skrúfum með millibili c/c 400 mm. Loftgrindina skal klæða með einföldu lagi af gifsi. Gifsplötur skulu vera fyrsta flokks framleiðsla sem uppfylli DS/SBI staðla. Þykkt platna skal vera 13 mm.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu. Öll op eru dregin frá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rifið er ef um er að ræða. Einnig eru innifaldir vinnupallar og annað sem þarf til að fullgera verkið, ef það er ekki reiknað í öðrum liðum verksins.

5.2.14 Raflagnagrind í loft, undir sperrur, 34x45mm c/c 600mm

Raflagnagrind, 34x45 mm, skal smíða úr heflaðri furu, 1. flokks, húspurrt, fest í þaksperrur með 5,0x80 mm galvanhúðuðum skrúfum með millibili c/c 600 mm.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu. Öll op eru dregin frá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rifið er ef um er að ræða. Einnig eru innifaldir vinnupallar og annað sem þarf til að fullgera verkið, ef það er ekki reiknað í öðrum liðum verksins.

5.2.15 Harðparket, ljóst, 12 mm, án undirlags

Ljóst eikar harðparket, 12 mm, án undirlags, lagt samsíða gangi eða frá suðri til norðurs. Efnið skal vera gallalaust og við lagningu skal fylgja leiðbeiningum framleiðanda í hvívetna.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu. Öll op eru dregin frá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni,

vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rifið er ef um er að ræða. Einnig er innifalið annað sem þarf til að fullgera verkið, ef það er ekki reiknað í öðrum liðum verksins.

5.2.16 Undirlag undir parket (clipmap) 3mm

Leggja skal 3 mm undirlag undir parket með lágmarks hljóðdempun upp á 20db. Nota skal undirlag sem framleitt er úr umhverfisvænum efnum.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu. Öll op eru dregin frá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rifið er ef um er að ræða. Einnig er innifalið annað sem þarf til að fullgera verkið, ef það er ekki reiknað í öðrum liðum verksins.

5.2.17 Gólflistar úr harðvið, 22x38 mm

Gólflistar úr harðvið skulu vera með sambærilegri áferð og parketið og skal verktaki leggja til og koma fyrir gólflistum.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m) eins og mæla má að verki loknu. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og brottflutningur og förgun umframefnis og efnis sem rifið er ef um er að ræða. Einnig er innifalið annað sem þarf til að fullgera verkið, ef það er ekki reiknað í öðrum liðum verksins.

5.3. Járn- og blikksmíði

Járn- og blikksmíði innanhúss skal vinna samkvæmt teikningum, meðfylgjandi verklýsingum og góðum og faglegum vinnubrögðum og uppfylla staðla, lög og reglugerðir. Nota má önnur efni en fram kemur í verklýsingum séu þau sambærileg og ef verkkaupi samþykkir. Vanti uppá verklýsingar, skal nota viðurkennd efni og tæki sem verkkaupi samþykkir. Verktaki skal kynna sér

leiðbeiningar hönnuða og framleiðanda efnis og búnaðar svo og aðstæður á byggingastað og sannreyna málsetningar áður en smíði hefst.

5.3.1 Handrið úr járn, svart olíuborið

Járn handrið við stiga skal vera svart olíuborið járn með lóðréttum prófílum. Handrið skal soðið saman eða boltað saman úr stálörum eftir því sem teikningar segja til um og festa skal tryggilega á stigakant og vegg. Handrið skulu vera barnhæld þ.e. mesta bil milli lóðréttra píla sé ekki yfir 89 mm og hæð handlista sé 1,0 m.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m) eins og mæla má að verki loknu. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar, verkpallar ef þeir koma ekki annarsstaðar fram og brottflutningur og förgun umframefnis.

5.4. Málun

Verkið skal unnið samkvæmt teikningum eftir því sem við á og skal verktaki kynna sér þær áður en verk hefst og skilji að fullu. Verði verktaki var við misræmi milli teikninga og verklýsinga, misræmi í teikningum innbyrðis eða að taka þurfi sérstakleg tillit til aðstæðna um fram það sem teikningar segja til um, skal hann tilkynna verkkaupa það þegar í stað til nánari ákvörðunar. Verktaki má engar breytingar gera á verkinu nema með samþykki verkkaupa.

5.4.1 Málun innveggja, á slétt sandsparsl

Fletir skulu vera hreinir og þurrir áður en málun hefst. Málning á veggj er akrýl lakkálning, vatnsþynnanleg veggjamálning sem er með myglu- og sveppavörn. Litur skal vera málahvít og gljástig 7. Málning á eldhús, böð og þvottahús skal vera 20%, annars 10%. Lögð er ein umferð af grunnmálningu og tvær af akrýl lakkálningu. Málning skal fá að lágmarki 4 klst. til að þorna áður en önnur umferð er lögð. Blettasparsla, slípa og blettamála skal á milli umferða eftir þörfum.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu. Glugga- og dyragöt og önnur göt eru dregin frá við útreikning á m². Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og vinnupallar. Einnig brottflutningur og förgun umframefnis.

5.4.2 Málun gifsklæddra innveggja, sparsl og akrýlmálning

Líma skal borða á plötusamskeyti gifsplatna og tvísparsla þannig að ekki beri á samskeytum. Þar sem plötur mæta lofti eða öðrum vegg skal kítta með akrýlkítti. Á úthorn skal setja hornalista. Áður en málun hefst skulu fletir vera hreinir og þurrir. Málning á vegg er akrýl lakkmalning, vatnspynnanleg veggjamálning sem er með myglu- og sveppavörn. Litur skal vera malarahvitt, gljástig 7 og nota málningu með gljástigi 20% í öll votrymi. Lögð er ein umferð af grunnmálningu og tvær af akrýl lakkmalningu. Málning skal fá að lágmarki 4 klst til að þorna áður en önnur umferð er lögð.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu. Glugga- og dyragöt og önnur göt eru dregin frá við útreikning á m². Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og vinnupallar. Einnig brottflutningur og förgun umframefnis.

5.4.3 Sandspörslun steyptra lofta, steyptra útveggja og hlaðinna innveggja

Loft neðri hæðar og steyptrir útveggir neðri hæðar sem og hlaðnir innveggir skulu vera sparslaðir að minnsta kosti 3 umferðir. Verktaki skal nota góð vinnuljós við iðju sína og lýsa upp og niður vegg og á loft svo tryggja megir að viðunandi áferð náist. Sýnilega fleti, vegg og loft skal gera við og sparsla eftir þörfum. Ávallt skal pússa milli umferða. Áður en málun hefst skulu allir fletir vera hreinir þurrir, og gallalausir og öllum nauðsynlegum viðgerðum lokið. Ef tilgreindur fjöldi umferða sparsls dugar ekki til að ná fram gallalausri yfirborðsáferð að mati eftirlitsmanns verkkaupa, skal verktaki, verkkaupa að kostnaðarlausu, bæta við umferðum þar til réttri yfirborðsáferð er náð.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu. Glugga- og dyragöt og önnur göt eru dregin frá við útreikning á m². Í einingarverðum skal vera innifalinn

allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og vinnupallar. Einnig brottflutningur og förgun umframefnis.

5.4.4 Málun gífsklæddra lofta, spartl og málning

Líma skal borða á plötusamskeyti gífsplatna og tvísparsla þannig að ekki beri á samskeytum. Þar sem plötur mæta lofti eða öðrum vegg skal kítta með akrýlkíttri. Á úthorn skal setja hornalista. Áður en málun hefst skulu fletir vera hreinir og þurrir. Málning á vegg er akrýl lakkmalning, vatnsþynnanleg veggjamálning sem er með myglu- og sveppavörn. Litur skal vera málahvítur, gljástig 7 og nota málningu með gljástigi 20% í öll votrými. Lögð er ein umferð af grunnmálningu og tvær af akrýl lakkmalningu. Málning skal fá að lágmarki 4 klst. til að þorna áður en önnur umferð er lögð.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu. Glugga- og dyragöt og önnur göt eru dregin frá við útreikning á m². Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og vinnupallar. Einnig brottflutningur og förgun umframefnis.

5.4.5 Epoxy-kvarts 4 mm, heild

Epoxy-kvarts er lagt yfir bílskúr og geymslu og ná 60 mm upp á vegg. Nota skal standard mix blöndu. Fletir skulu vera hreinir og þurrir áður en málun hefst.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu. Göt eru dregin frá við útreikning á m². Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og vinnupallar. Einnig brottflutningur og förgun umframefnis.

5.5. Innréttingar

Verkið skal unnið samkvæmt teikningum eftir því sem við á og skal verktaki kynna sér þær áður en verk hefst og skilji að fullu. Verði verktaki var við misræmi milli teikninga og verklýsinga,

misræmi í teikningum innbyrðis eða að taka þurfi sérstakleg tillit til að aðstæðna umfram það sem teikningar segja til um, skal hann tilkynna verkkaupa það þegar í stað til nánari ákvörðunar. Verktaki má engar breytingar gera á verkinu nema með samþykki verkkaupa.

5.5.1 Innihurðir, ljós spónn með ísetningu

Innihurðir skulu vera yfirfelldar úr ljósri eik og skal verktaki taka öll mál á verkstað áður en framkvæmd hefst og ber hann fulla ábyrgð á þeim. Innihurðir skulu vera festar með tveggjapátta frauði. Við uppsetningu skal fylgja leiðbeiningum framleiðanda, þær skulu falla vel að körmum og vera tryggilega fastar. Gæta skal þess að hurðir skemmist ekki fyrir eða við uppsetningu.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), talið af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

5.5.2 Innihurð, EI30, spónlögð með ísetningu

EI30 innihurð er staðsett við inngang bílskúrs og skal hún vera yfirfelld úr ljósri eik. Uppsetning eldvarnarhurðar skal vera gerð eftir leiðbeiningum framleiðanda og steinull sett á milli hurðarkarms og veggs. Hurðin skal standast kröfur og gegna því eldvarnarhlutverki sem henni er ætlað ísett og fullfrágengin.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), talið af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

5.5.3 Fellipröskuldar

Fellipröskuldur skal vera fræstur í allar innihurðir sem eru við herbergi og salerni.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), talið af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

5.5.4 Skrá með læsingu

Skrá með læsingu skal vera við öll salerni.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), talið af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

5.5.5 Hurðarhúnar, burstað stál

Hurðarhúnar úr burstuðu stáli skulu vera á öllum innihurðum.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), talið af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

5.5.6 Rennihurðabraut

Rennibraut skal vera innfeld í vegg og fest upp eftir leiðbeiningum framleiðanda. Flekinn sem festist við braut skal vera spónlagður úr ljósri eik, sambærilegri og í öðrum innihurðum.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), talið af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

5.5.7 Eldhúsinnrétting, undirskápur

Undirskápar skulu vera með steingráar framhliðar og ryðfríar höldur. Uppþvottavél skal vera innfeld með framhlið og handfang eins og undirskápar.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m), eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar, og flutningur.

5.5.8 Eldhúsinnrétting, yfirskaðpur

Yfirskaðar skulu vera með steingráar framhliðar, ryðfríar höldur og led lýsingu undir yfirskaða.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m), eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar, og flutningur.

5.5.9 Eldhúsinnrétting, hár skápur

Háir skápar skulu vera með steingráar framhliðar og höldur úr ryðfríu efni. Bökunarofn/veggofn/örbylgjuofn skal vera innfeldur í háa skápa.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m), eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar, og flutningur.

5.5.10 Baðinnrétting, yfir- og undirskápur.

Baðinnrétting skal innihalda tvo undirskápa með hvítum framhliðum og ryðfríum höldum. Vaskurinn og vaskaborð úr postulíni, ein heild.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m), eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar, og flutningur.

5.5.11 Fataskápur með sléttri hurð

Fataskápar skulu vera í öllum herbergjum samkvæmt teikningu. Fataskápar skulu vera með hvítum framhliðum og ryðfríum handföngum.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m), eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar, og flutningur.

5.5.12 Fatahengi í andyri

Fatahengi skal vera í andyri eftir teikningu. Fatahengi skal vera með hvítum frontum og ryðfríum handföngum.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m), eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar, og flutningur.

5.5.13 Borðplata úr plastlagðri spónarplötu með festingu

Borðplata við eldhúsinnréttingu skal vera spónaplata, a.m.k. 22 mm, plastlögð og kantlímd, hvít að lit.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m), eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar, og flutningur.

5.5.14 Spegill 1100x500 mm, kantslípaður

Spegill, 1100x500 mm, kantslípaður, skal vera í baðherbergjum fyrir ofan baðvask. Uppsetning spegla skal framkvæmd eftir leiðbeiningum framleiðanda.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), talið af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

5.5.15 Eldvarnarteppi 80x80 cm

Eldvarnarteppi skal vera staðsett á áberandi stað við eldhúsinnréttingu þar sem aðgengi er auðvelt.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), talið af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

5.5.16 Slökkvitæki, kolsýra 2 kg

Slökkvitæki skal vera staðsett við flóttaleið á hverri hæð á áberandi stað með greiðu aðgengi.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), talið af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

5.5.17 Sjúkrakassi með innihaldi, meðalstór

Sjúkrakassi skal vera staðsettur á áberandi stað í eldhúsi með góðu aðgengi.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), talið af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

5.6. Flísalögn

Flísalögn skal vinna samkvæmt meðfylgjandi verklýsingum og góðum og faglegum vinnubrögðum og í samræmi við staðla, lög og reglugerðir. Vanda skal alla flísalögn og er til að mynda nauðsynlegt að yfirfara undirlag m.t.t. hugsanlegrar skekkju o.fl. Uppgötvist skekkjur skal verktaki bregðast við því í samráði við eftirlitsmann. Fúgur á aðliggjandi gólfum með sömu stærð af flísum og sökkulflísum skulu standast á við gólfflísar eftir því sem hægt er

Flísar efniskröfur:

Gólfflísar skulu vera gegnheilar (án glerungs) hásindraðar þurrpressaðar keramikflísar sem skulu uppfylla:

Staðall: ÍST-EN 176

Vatnsdrægni: E undir 0,5%.

Slitþol: yfir 150 mm³

Rispuharka: yfir 7 Moh

Hálkuviðnám: R10 (DIN 51098)

Staðall: ÍST-EN 176

5.6.1 Flísar á gólf

Við flísalögn á votrýmum skal tryggja að allt yfirborð sé hreint og laust við allt ryk, grunna skal tvær umferðir með akrýl grunni, kvoða skal með tveggja þátta kvoðu tvær umferðir og nota kverk borða í allar kverkar þar sem fyrirhugað er að flísaleggja. Fúga á gólfhlísum skal vera 2mm og notuð flex fúga frá viðurkenndum framleiðanda. Flísalím skal vera flex lím. Gólfhiti má ekki vera hærri en 20°C við niðurlögn flísa

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig rýrnun, afskurður og brottflutningur og förgun umframefnis, lím, fúguefni o.s.frv..

5.6.2 Sökkulflísar 5 cm

Sökkulflísar skulu vera 5 cm, efri brún verður að slípa með að minnsta kosti 50 grit púða til þess að fá slétta áferð. Sökkulflísar eru límdar með flex lími.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig rýrnun, afskurður og brottflutningur og förgun umframefnis, lím, fúguefni o.s.frv..

5.6.3 Flísar á vegg

Við flísalögn á votrýmum skal tryggja að allt yfirborð sé hreint og laust við allt ryk, grunna skal tvær umferðir með akrýl grunni, kvoða skal með tveggja þátta kvoðu tvær umferðir og nota kverk borða í allar kverkar þar sem fyrirhugað er að flísaleggja. Fúga á vegg flísum skal vera 2,0 mm og notuð flex fúga frá viðurkenndum framleiðanda. Lím skal vera hraðþornandi flex lím. Vanda þarf

sérstaklega frágang við niðurföll og þar sem mesta vatnsálag er. Allar kverkar skulu vera fylltar með sílikon eftir flísalögn í að minnstakosti 2mm inn fyrir flís.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig rýrnun, afskurður og brottflutningur og förgun umframefnis, lím, fúguefni o.s.frv..

6. FRÁGANGUR UTANHÚSS

6.1. Trésmíði

Alla trésmíðavinnu skal vinna samkvæmt teikningu og verklýsingu þessum, eftir því sem við á og skal verktaki kynna sér hvorutveggja vel áður en verk hefst og skilja að fullu. Verði verktaki var við misræmi milli teikninga og verklýsinga, misræmi í teikningum innbyrðis eða að taka þurfi sérstakleg tillit til aðstæðna umfram það sem teikningar segja til um, skal hann tilkynna verkkaupa það þegar í stað til nánari ákvörðunar. Verktaki má engar breytingar gera á verkinu nema með samþykki verkkaupa. Trésmíði skal vinna í samræmi við góð og fagleg vinnubrögð, staðla, lög og reglugerðir.

6.1.1 Pappaklæðning, 1,87 kg/m²

Öndunardúk að viðurkenndri gerð skal lagður við ytri brún krossviðs útveggjagrinda. Dúkurinn er festur upp með heftum þar samskeyti dúka mætast. Skulu samskeyti vera þétt með viðurkenndu límbandi. Öndunardúkur er lagður meðfram gluggum og hurðum í timburgrind og samskeyti þétt með viðurkenndu límbandi.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu. Göt eru dregin frá við útreikning á m². Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og vinnupallar. Einnig brottflutningur og förgun umframefnis.

6.1.2 Báruálsklæðning

Húsið skal vera klætt með 28/128 báruáli með litanúmerið RAL-7035. Báruálsklæðning skal vera fest upp með álleiðarakerfi. Klæðning skal mynda beina línu frá neðri brún húss og upp að þakkanti.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu. Göt eru dregin frá við útreikning á m². Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og vinnupallar. Einnig brottflutningur og förgun umframefnis.

6.1.3 Einangrun, 125 mm, 80 kg/m³, fest með dílum

Einangra skal steypant útvegg með 125 mm einangrun að utanverðu. Festa skal einangrun með 6 stk. dílum í hverja einangrunarplötu. Einangrun skal ná 100 mm upp fyrir timburútvegg til að útiloka kuldabré.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu. Göt eru dregin frá við útreikning á m². Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og vinnupallar. Einnig brottflutningur og förgun umframefnis.

6.1.4 Vatnsbretti, ál

Vatnsbretti er beygt ál með litanúmerið RAL-7035.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m), eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar, og flutningur.

6.1.5 Gluggaáfellur, litað ál

Gluggaáfella er beygt ál með litanúmerið RAL-7035

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m), eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar, og flutningur.

6.1.6 Músanet, álnet 4 mm, beygt í vinkil

Músanet er 4 mm álnet sem beygt er í vinkill eftir stærð loftunarbils klæðningar. Músanet fest við álvinkilkerfi og stífað af með útveggja einangrun.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eins og mæla má að verki loknu. Göt eru dregin frá við útreikning á m². Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og vinnupallar. Einnig brottflutningur og förgun umframefnis.

6.1.7 Tjöruborði til þéttinga, 50 mm

Tjöruborði er notaður til að vatnspétta glugga og hurðir sem eru við steyptan vegg. Tjörudúkur er lagður undir botnreim útveggjagrindar til að varna rakaskemmdum út frá uppgufun í steypu.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m), eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar, og flutningur.

6.1.8 Álvinklar, 50x75x6 mm á stein

Stillanlegt álvinklakerfi undir álklaðningu skal vera sett upp á útveggi eftir leiðbeiningum framleiðanda.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m), eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar, og flutningur.

6.2. Járn- og blikksmíði

Verkið skal unnið samkvæmt teikningum eftir því sem við á og skal verktaki kynna sér þær áður en verk hefst og skilja að fullu. Verði verktaki var við misræmi milli teikninga og verklýsinga, misræmi í teikningum innbyrðis eða að taka þurfi sérstakleg tillit til að aðstæðna umfram það sem teikningar segja til um, skal hann tilkynna verkkaupa það þegar í stað til nánari ákvörðunar.

Verktaki má engar breytingar gera á verkinu nema með samþykki verkkaupa. Járn- og blikksmíði utanhúss skal vinna samkvæmt meðfylgjandi verklýsingum og góðum og faglegum vinnubrögðum og uppfylla staðla, lög og reglugerðir.

6.2.1 Handrið úr gleri og áli

Handrið við svalir skala vera úr öryggisgleri með álramma sem jafnframt er handlisti. Handrið skal vera fest upp eftir leiðbeiningum framleiðanda.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó lengdarmetrum (m), eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar, og flutningur.

6.3. Málun utanhúss

Verkið skal unnið samkvæmt teikningum eftir því sem við á og skal verktaki kynna sér þær áður en verk hefst og skilja að fullu. Verði verktaki var við misræmi milli teikninga og verklýsinga, misræmi í teikningum innbyrðis eða að taka þurfi sérstakleg tillit til að aðstæðna umfram það sem teikningar segja til um, skal hann tilkynna verkkaupa það þegar í stað til nánari ákvörðunar. Málun skal vinna samkvæmt meðfylgjandi verklýsingum og góðum og faglegum vinnubrögðum og í samræmi við staðla. Við alla málningarvinnu skal fara eftir leiðbeiningum framleiðenda málningarinnar um allan undirbúning og framkvæmd.

6.3.1 Málun þakkants, 2 umferðir

Þakkantur skal fúavarinn fyrir uppsetningu og skal í fyrstu umferð málningarvinnu þekja með grunn og síðan málaðar tvær umferðir með hvítri þekjandi málningu. Gæta skal að yfirborð sé hreint og þurrt áður en málun hefst.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²), eins og mæla má að verki loknu. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar og kostnaður vegna förgunar, nema annað sé tekið fram. Þá skulu verð innihalda

verkpalla ef ekki er gert ráð fyrir þeim í öðrum liðum, rýrnun á efni, kverkar, skurði, þrif á gleri og aðliggjandi flötum o.þ.h. ef um slíkt er að ræða.

6.4. Gluggar, gler og útihurðir

Alla trésmíðavinna skal vinna samkvæmt teikningu og verklýsingu þessum, eftir því sem við á og skal verktaki kynna sér hvorutveggja vel áður en verk hefst og skilja að fullu. Verði verktaki var við misræmi milli teikninga og verklýsinga, misræmi í teikningum innbyrðis eða að taka þurfi sérstakleg tillit til aðstæðna umfram það sem teikningar segja til um, skal hann tilkynna verkkaupa það þegar í stað til nánari ákvörðunar. Verktaki má engar breytingar gera á verkinu nema með samþykki verkkaupa.

Gluggar, gler, útihurðir o.þ.h. skulu vera í samræmi við meðfylgjandi verklýsingar og góð og fagleg vinnubrögð, staðla, lög og reglugerðir.

Allir gluggar og hurðir skulu þola 2,0 kN/m² vindálag og standast slagregn að lágmarki 1100 Pa. Alla ísetningu skal vanda sérstaklega þannig að þéttleiki sé tryggður og áferð standist gæðakröfur.

6.4.1 Ál og trégluggar. fastir/opnanlegir, ísetning eftir á

Frágangur glugga við stein:

Karma skal festa í stein með vinklum sem skrófaðir er í karm. Tjörupappi skal vera milli steins og vinkla. Tvöföld þétting skal vera að aðliggjandi byggingarhlutum. Fúga milli álgloggakerfis og aðliggjandi byggingarhluta er að jafnaði 10 mm. Fúgu skal fylla með einangrandi og rakafælnu tróði, þéttipylsu og akrylkítti með góðri málningarviðloðun að innanverðu. Þéttipylsa skal vera samanpressanleg. Að utanverðu er þétt með tjöruborða eða þéttilímbandi milli gluggakerfis og steins.

Frágangur glugga í timburvegg:

Fella skal krossvið í nót gluggakerfis og skal þetta með olúkítti. Steinull skal setja í fúgu á milli glugga og timburs. Öndunardúkur er klemmdur í glerfals kerfisins og límdu með viðeigandi lími við timburvegg.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), talið af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

6.4.2 Álhurð einföld með karmi og hurðarpumpu

Frágangur álhurða við stein:

Karma skal festa í stein með vinklum sem skráðir er í karm. Tjörupappi skal vera milli steins og vinkla. Tvöföld þétting skal vera að aðliggjandi byggingarhlutum. Fúga milli álhurðakerfis og aðliggjandi byggingarhluta er að jafnaði 10 mm. Fúga skal fylla með einangrandi og rakafælnu tróði, þéttipylsu og akrylkítti að innanverðu. Þéttipylsa skal vera samanpressanleg. Að utanverðu er þétt með tjöruborða eða þéttilímbandi milli álhurðakerfis og steins.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), talið af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

6.4.3 Gönguhurð, baðherbergi, neðri hæð

Frágangur álhurða við stein:

Karma skal festa í stein með vinklum sem skráðir er í karm. Tjörupappi skal vera milli steins og vinkla. Tvöföld þétting skal vera að aðliggjandi byggingarhlutum. Fúga milli álhurðakerfis og aðliggjandi byggingarhluta er að jafnaði 10 mm. Fúga skal fylla með einangrandi og rakafælnu tróði, þéttipylsu og akrylkítti að innanverðu. Þéttipylsa skal vera samanpressanleg. Að utanverðu er þétt með tjöruborða eða þéttilímbandi milli álhurðakerfis og steins.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), talið af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

6.4.4 Svalahurð, með gleri

Frágangur svalahurðar í timburvegg:

Fella skal krossvið í nót gluggakerfis og skal þétta með olíukítti. Steinull skal setja í fúgu á milli glugga og timburs. Öndunardúkur er klemmdur í glerfals kerfisins og límdu með viðeigandi lími við timburvegg.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), talið af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

6.4.5 Bílskúrshurð, 2,3x2,8 m

Bílskúrshurð skal setja í hurðarop með tilheyrandi járnum. Hurðin skal vera af viðurkenndri gerð og skal verkkaupi samþykkja hana áður en hún er sett í. Bílskúrshurð skal vera sett upp eftir leiðbeiningum framleiðanda.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó stykkjum (stk), talið af teikningu eða af annarri þeirri einingu sem fram kemur í magnskrá. Í einingarverði skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið svo sem efni, vinna, vélar og flutningar og förgun umframefnis.

7. FRÁGANGUR LÓÐAR

7.1. Jarðvinna

Við framkvæmdir á lóð skal þess gætt að öll jarðvinna sé unnin í samræmi við teikningar og verklýsingar og að viðhöfð séu góð og fagleg vinnubrögð í samræmi við staðla, lög og reglugerðir. Ávallt skal notast við viðurkennt efni við frágang lóðar og sé vöntun á verklýsingu skal framkvæmd og efni ákveðið í samráði við verkkaupa. Þá skal verktaki kynna sér hvar lagnir eru í jörðu áður en verkið er hafið og valdi hann skemmdum á þeim skal hann bera fullan kostnað af því tjóni sem hann veldur.

7.1.1 Gröftur og brottflutningur

Fjarlægja skal allan lífrænan jarðveg og setja frostfrían burðarhæfan jarðveg undir bifreiðastæði og þar sem hellulögn er fyrirhuguð. Skal grafið niður fyrir frost eða niður á fast. Þar sem ekki er grafið niður á fast skal að lágmarki grafa niður að 80 cm dýpi undir endanlega hæð jarðvegsyfirborðs. Undir timburlagða verönd skal fjarlægja allan lífrænan lausan jarðveg og fjarlægja ófrostpólinn jarðveg 110 cm undir endanlegri yfirborðshæð timburpalls. Frostpólinn jarðvegsfylling skal vera 80 cm og þannig sé 30 cm bil frá fyllingu að endanlegu yfirborði timburpalls.

Verktaki skal flytja allt uppgrafið efni sem ekki er notað í landmótun á viðurkenndan losunarstað.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó rúmmetrum (m³), eins og mæla má að verki loknu frá óhreyfðum jarðvegi. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar.

7.1.2 Jarðvegsfylling

Fyllingar undir undirstöður skulu standast kröfur sbr. 8.1.4 gr. byggingarreglugerðar, standa á föstum burðarhæfum botni, klöpp eða burðarhæfum og frostpólum jarðvegi. Skulu þær þannig

hannaðar og uppbyggðar að ekki hljóttist tjón af völdum hreyfinga í jarðvegi, t.d. vegna sigs eða frostlyftinga.

Fylling undir hellulögn bifreiðastæðis, gönguleiðar að sorptunnum og aðalinngangi skal vera úr burðarhæfu og frostfríu efni í samráði við byggingarstjóra. Það lag sem er efst í fyllingu, undir hellum, skal vera 10 cm þykkt úr fínum sandi.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²) eða nettó rúmmetrum (m³), eins og mæla má að verki loknu og miðast við þjappað efni. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. efni, vinna, vélar og flutningar. Einnig brottflutningur og förgun umframefnis.

7.1.3 Grófjöfnun lóðar

Nota skal uppgrafið efni úr húsgrunni, gangstéttum og bílastæðum við jöfnun á lóð. Hæð lóðar við hús skal vera 100-250 mm undir uppgefinni endanlegri hæð lóðar.

MAGNTÖLUR: Magn er gefið upp í nettó fermetrum (m²), eins og mæla má að verki loknu. Í einingarverðum skal vera innifalinn allur kostnaður við að fullgera verkið þ.e. vinna, vélar og flutningar.

7.2. Mannvirki á lóð

7.2.1 Skjólgirðing

